



Fornleifaskráning Langaness 1

Hrollaugsstaðir, Selvík og Kumblavík

Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga

Rannsóknarskýrslur 2024/09

Forsíðumynd: Hrollaugsstaðir á Langanesi í júní 2024. Horft er til norðausturs, Selvík og Kumblavík fjar á mynd.

© Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	5
Aðferðafræði	5
Byggðin á austanverðu Langanesi	7
Fornleifaskrá	11
Hrollaugsstaðir - söguágrip	11
Óstaðsettar minjar	46
Selvík - söguágrip	48
Kumblavík - söguágrip	53
Óstaðsettar minjar	87
Minjar sem ná yfir fleiri en eina jörð	89
Samantekt.....	93
Hrollaugsstaðir.....	94
Kumblavík og Selvík	96
Heimildaskrá	100

Inngangur

Í júní 2024 voru skráðar minjar á þremur jörðum á austanverðu Langanesi að beiðni Minjastofnunar Íslands. Fyrir liggur möguleg friðlýsing svæðisins utan Heiðarfjalls og er skráningin hluti af þeirri vinnu. Skráningarsvæðið nær frá Hrollaugsstaðafjalli út á Langanesfont og er 22km langt. Breidd þess er breytileg, en er mest um 3,7km, á merkjum Skála, Kumblavíkur, Skoruvíkur og Læknisstaða. Jarðirnar sem skráðar voru eru Hrollaugsstaðir, með hjáleigunni Selvík, Kumblavík og Skálar að undanskildum herminjum í landi jarðarinnar. Herminjarnar voru skráðar árið 2018 af Fornleifastofnun Íslands.¹


Vettvangsskráning fór fram 10.-17. júní 2024 og var unnin af Guðnýju Zoëga fornleifafræðingi og Bryndísi Zoëga landfræðingi. Bryndís sá að mestu um úrvinnslu og skýrsluskrif. Skráningarsvæðið er nokkuð umfangsmikið og var stærstur hluti þess genginn. Enn er óskráð svæðið frá Miðeyri í landi Skála og út að Langanesfonti sem og hlutar heiðarinnar, þar sem norður merki jarðanna liggja.

Sökum fjölda minja var ákveðið að gefa niðurstöður út í tveimur skýrslum. Önnur skýrslan inniheldur fornleifaskráningu á Hrollaugsstöðum, Selvík og Kumblavík en hin fjallar um Skála og Skálaþorp.

Tengiliður við verkkaupa: Sædís Gunnarsdóttir, minjavörður Norðurlands eystra.

Heimildamaður: Magnús Vilhjálmsson frá Hrollaugsstöðum. Honum færum við kærar þakkir fyrir aðstoðina.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3280



¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir ofl. 2019.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.²

Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. **Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.** [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnast.

² Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum. Þar sem verkefnanúmerið nær yfir allar jarðirnar sem skráðar voru halda hlaupandi númer áfram á milli jarða.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hóbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is.

Það sem skýrslan nær yfir eyðibýggð sem hefur verið nær ósnortin síðan byggð lagðist af um miðja 20. öld, var ekki farið eftir 100 ára reglu laga um menningarminjar, heldur voru allar minjar sem fundust á vettvangi og tilheyrðu byggðinni skráðar. Skráningin endurspeglar því menningarlandslagið í heild sinni eins og það var sumarið 2024.

Málvenja er að tala um norður og austur strönd nessins og þeirri venju haldið hér. Lýsingar í skýrslunni á afstöðu minja og leiðum í tekur þó mið af höfuðáttunum fjórum.

Minjar eru mældar með gps tæki sem gefur undir metra í skekkju. Afstöðumynd af legu minja er að finna aftast í skýrslunni. Auk þess er tafla í viðauka við skýrsluna með helstu upplýsingum um einstakar minjar: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Í skýrslutexta er hættumats einungis getið þar sem hætta er til staðar en það er líka gefið upp í heildartöflu aftast í skýrslu. Staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, er gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir eru fengnar hjá Loftmyndum skv. samningi þar um.



Mynd 1. Yfirlitskort af Langanesi. Á kortið eru merktar jarðir auk nokkurra örnefna (skáletrað). Gul brotalína sýnir skráningarsvæðið og gróflega áætluð landamerki jarðanna sem skráðar voru.

Byggðin á austanverðu Langanesi

Langanes er í heild sinni um 44km langt en frá Heiðarfjalli eru um 23km út á Langanesfont, í beinni loftlínu (mælt af loftmynd). Skilin á milli Norður- og Austurlands eru um mitt nesið, þar eru fjórðungamót og þar voru áður skil á milli Skálholts- og Hólabiskupsdæma. Austur Langnesingar sóttu því þing að fornu með Austfirðingum, fyrst Sunnudalsþing en síðar Múlaþing. Nesið skiptist í þrennt, framnes, miðnes og útnes. Jarðir sem hér eru til umfjöllunar eru á útnesinu en byggð hefur alltaf verið mest á miðnesinu og þar voru bestu jarðirnar. Austanvert nesið, með Skoruvík, var í landnámi Gunnólfs kroppu en norðanvert nesið í landnámi Ketils þistils og voru skilin nálægt miðju nesi, frá Gunnólfsvíkurfjalli og norður að Skoruvíkurbjargi.³

Til forna voru tveir hreppar á Langanesi. Á norðanverðu Langanesi var Sauðaneshreppur (einnig kallaður Norðrhreppur og Langaneshreppur) en Austurhreppur á austanverðu nesinu, frá Skoruvíkurbjargi að Gunnólfsvíkurfjalli. Í Austurhreppi voru jafnan sex jarðir í byggð, Skoruvík, Skálar, Kumblavík, Hróllaugsstaðir, Eiði og Fagranes. Höfundur Langnesingasögu,

³ Friðrik G. Olgeirsson, 1998, bls. 13, 37.

Friðrik Olgeirsson, telur að Austurhreppur hafi ekki orðið til fyrr en á 18. öld⁴. Í manntali frá 1703 eru jarðir sem síðar tilheyrðu Austurhreppi skráðar í Skeggjastaðahreppi en í manntali 1816 teljast þær í Sauðanessókn.⁵ Austurhreppur tilheyrði lengi Skeggjastaðasókn en síðar fóru íbúar að sækja kirkju á Sauðanesi. Eins var þingstaður Austurhrepps á Skeggjastöðum en færðist að Sauðanesi, snemma á 19. öld. Austurhreppur var sameinaður Sauðaneshreppi árið 1845. Þórshafnarhreppur var stofnaður 1946 út úr Sauðaneshreppi, en hrepparnir síðar sameinaðir sem Þórshafnarhreppur árið 1993.⁶ Í dag er svæðið hluti Langanesbyggðar sem varð til árið 2006 við sameiningu Þórshafnarhrepps og Skeggjastaðahrepps. Árið 2022 bættist svo Svalbarðshreppur við.⁷

Jarðanna á austanverðu Langanesi er fyrst getið í rekaskrá Skálholtsstaðar frá því um 1270.⁸ Þær voru landlitlar og útnesið víða hrjóstrugt og ekki vel fallið til búskapar. Hlunnindi voru þó mikil bæði af reka og sjósókn og í björgunum á Skálum og í Skoruvík var bæði eggja- og fuglataka. Hafnir eru almennt ekki góðar á Langanesi, nema á Þórshöfn en fiskimið voru nærtæk og gjöful og hafa fiskveiðar verið stundaðar frá fornu fari. Á fyrri öldum voru fiskveiðar meira stundaðar frá austanverðu nesinu en norðanverðu sökum þess að fiskur gekk þar meira á grunnmið. Auk þess ýttu takmarkaðir möguleikar til búskapar, á austanverðu nesinu, undir að bændur nýttu sér þá auðlind sem í hafinu var. Engin höfn var þó á austanverðu nesinu aðeins erfiðar landingar og þurfti að „brýna bátum“.⁹ Heimræði var frá öllum jörðunum en auk þess eru heimildir um útræði frá Lambeyri í landi Skála.¹⁰ Þess er getið í Langnesinga sögu að bændur á útnesinu hafi stundað viðskipti með fisk, fugl og egg við bændur á innesinu í staðinn fyrir nauðsynjar sem þá vanhagaði um.¹¹

Um aldir áttu bændur á utanverðu Langanesi viðskipti við sjómenn frá ýmsum löndum: Englandi, Frakklandi, Hollandi og Þýskalandi og í lok 19. aldar bættust Færeyingar í hópinn en þeir héldu sig mest sunnan við nesið. Árið 1895 fengu Færeyingar meðal annars aðstöðu og húsaskjól hjá Magnúsi Jónssyni bónda á Skálum til að verka fisk og er þeirra getið í hreppsþóki af og til fram til ársins 1920. Færeyingar veiddu síld á beitu en þar sem erfiðlega gekk að geyma beituna brugðu Langnesingar á það ráða að byggja íshús, niðurgrafin torfhús með breiðum veggjum og fylltu af snjó og klaka á vetrum og seldu síðan Færeyingum á sumrum. Ísinn var ýmist greiddur í peningum, með salti og seinna með lifur sem heimamenn bræddu í lýsi. Á öðrum áratug 20. aldar byggðist upp lítið fiskþorp á Skálum og fluttu

⁴ Sama bls. 14-15.

⁵ Sótt á vef Þjóðskjalasafns Íslands 27.12.2024 www.manntal.is

⁶ Friðrik G. Olgeirsson 1998, bls. 14 og 15.

⁷ Sótt á heimasíðu Wikipedia 23.12.24. <https://is.wikipedia.org/wiki/Langanesbygg%C3%B0>

⁸ Íslenskt fornbréfasafn II, bls. 71.

⁹ Friðrik G. Olgeirsson, 2000, bls. 26.

¹⁰ Ólafur Olavius, 1965, bls. 108, bls. 44-45.

¹¹ Friðrik G. Olgeirsson, 2000, bls. 17.

Færeyingarnir sig þá að mestu þangað og voru oft með marga tugi árabáta á veiðum. Í lok þriðja áratugarins hurfu þeir að mestu frá Skálum og fluttu úthald sitt til Grænlands.¹² Um útgerð og byggð í Skálaþorpi verður fjallað í söguágripi Skála.

Samgöngur á utanverðu Langanesi voru alla tíð erfiðar en langt, og á köflum ógreiðfært, er á milli bæja enda nesið víða mjög grýtt. Skálar komust ekki í vegasamband fyrr en 1960, fimm árum eftir að byggð lagðist af. Vegur kom fyrst áleiðis í Hrollaugsstaði 1954 en uppbyggður vegur árið 1960. Vegur kom aldrei í Kumblavík. Austurströndin var erfiðari yfirferðar en norðurströndin þar sem hún er hálendari og gátu íbúar síður nýtt hesta til ferðalaga. Fólki gekk á milli bæja og í kaupsíð fór það gangandi til Þórshafnar en þungavarningur var fluttur með bátum. Farið var um Vatnadal milli Skála og Skoruvíkur þar sem vegurinn liggur í dag. Frá Skálum var farið með ströndinni til Kumblavíkur og svo áfram að Hrollaugsstöðum. Frá Hrollaugsstöðum mátti fara norður með austanverðu Heiðarfjalli yfir nesið og að Heiði eða upp á Hrollaugsstaðafjall um Kálfshvamm við austurenda Heiðarfjalls að Eiði. Þóttu þessar leiðar langar og erfiðar.¹³ Ólafur Olavíus var m.a. ekki hrifinn af vegasamgöngum á utanverðu Langanesi þegar hann var þar á ferð á síðari hluta 18. aldar. Veginn um Kálfshvamm segir hann vera agalegan fjallveg sem „endar við sjó fram í snarbrattri skriðu með klettahausum 14-15 faðma háum“.¹⁴

Eins og fyrr er getið er jarðanna sem skráningin nær yfir fyrst getið í rekaskrá Skálholtsstaðar frá því um 1270. Þá átti staðurinn reka og fjórðung í hvalreka í landi Skála, hálfan flutning og fjórðung í hvalreka í Kumblavík (ritháttur þar). Auk þess fjórðung í hvalreka fyrir Hrollaugsstöðum.¹⁵ Í Nýrri jarðabók fyrir Ísland 1861 (bls. 131) segir að Skálar, Kumblavík og Hrollaugsstaðir hafi að fornu mati verið metnar á 8 hundruð. Árið 1847 voru jarðirnar enn metnar á átta hundruð og voru þá Skálar og Kumblavík í eigu Hofskirkju í Vopnafirði. Hrollaugsstaðir voru í bændaeign og engin hundraðatala gefin fyrir jörðina en neðamáls er hún talin sex hundruð og hjáleigan Selvík tvö hundruð.¹⁶ Búskapur varði í Selvík í um tvo áratugi á fyrri hluta 19. aldar en hjáleigan fór í eyði um 1843.¹⁷ Hrollaugsstaðir hafa því verið metnir til jafns við Skála og Kumblavík.

Jarðir á utanverðu Langanesi féllu illa að nútíma búskaparháttum og byggðin lagðist smám saman af um miðja 20. öldina. Jörðin Kumblavík fór í eyði 1946, fyrst jarða á austanverðu nesinu. Byggð lagðist af á Skálum 1946 en 1948 hófu Lúðvík Jóhannsson og fjölskylda búskap

¹² Land og fólk, 1985, bls. 191; Friðrik G. Olgeirsson, 2000, bls. 19-22.

¹³ Friðrik G. Olgeirsson, 2000, bls. 165; I, bls. 264.

¹⁴ Ólafur Olavíus ofl., 1964, bls. 109.

¹⁵ Íslenskt fornbréfasafn, II, bls. 71.

¹⁶ J. Johnsen, 1847, bls. 346-347.

¹⁷ Sigmar I. Torfason, 1994, bls. 145.

þar aftur en sú búseta stóð aðeins til 1954 er jörðin fór endanlega í eyði¹⁸. Búið var á Hrollaugsstöðum til ársins 1964.¹⁹ Í skýrslunni eru jarðirnar taldar upp eftir landfræðilegri legu frá vestri til austurs.

¹⁸ Land og fólk, 1985, bls. 198.

¹⁹ Heimasíða Langanesbyggðar: <https://www.langanesbyggd.is/upplysingar/skoruvik>.

Fornleifaskrá



Mynd 2. Yfirlitsmynd af Hrollaugsstöðum í júní 2024. Horft er til norðnorðausturs. Gamla túnið er grænna en umhverfið og liggur fremst á sjávarbakkanum. Gamli bæjarhóllinn [3280-001] sést ofan fjöruborðs, hægra megin fyrir miðri mynd.

Hrollaugsstaðir - söguágrip

Bærinn á Hrollaugsstöðum stendur austan undir samnefndu fjalli. Í örnefnaskrá jarðarinnar er þess getið að nafnið sé oft skrifað með þremur l-um en í þessari skýrslu verður notast við tvö.²⁰

Eins og áður er getið er Hrollaugsstaða fyrst getið í rekaskrá Skálholtsstaðar frá því um 1270.²¹ Jón Arason biskup á Hólum keypti Hrollaugsstaði í sinni biskups tíð og er hún talin með jörðum Hólastóls árið 1550.²² Árið 1847 voru Hrollaugsstaðir komnir í bændaeign.²³

Bærinn stóð upphaflega á fremst á sjávarbakkanum en eftir að tundurdufl sprungu í tvígang fjörunni neðan við bæinn árið 1942, var hann færður ofar í landið. Skaðabætur fengust fyrir skemmdirnar sem dugðu fyrir þaki á nýja húsið.²⁴

²⁰ Hrollaugsstaðir, örnefnaskrá, bls. 1.

²¹ Íslenskt fornbréfasafn, II, bls. 71.

²² Íslenskt fornbréfasafn, XI, bls. 864, 874.

²³ J. Johnsen, 1847, bls. 346.

²⁴ Hrollaugsstaðir, örnefnaskrá bls. 1; Þjóðviljinn, 1954, 294 tbl., bls. 6.

Í jarðatali 1695 er jörðin metin á 8 hundruð en á 2. áratug 19. aldar byggðist hjáleigan Selvík úr landi jarðarinnar og lækkaði matið þá í 6 hundruð á heimajörðinni en hjáleigan var metin á 2 hundruð.²⁵ Selvík var upphaflega byggð úr landi Hrollaugsstaða en er nú í landi Kumblavíkur. Óvíst er hvenær þessi breyting hefur orðið.

Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir að landrými sé fremur lítið en allgott, með blöndu af mýrum og móum, en nokkuð grýtt. Túnið sem var 4 ½ dagsláttar var girt með gaddavír og af því fengust 80 vættir af töðu. Engjar voru á dreif um hagann, nærtækar en engjavegur vondur. Hey voru holl og góð en engjarnar sagðar votlendar, ósléttar og snöggar. Þær gáfu af sér 400 vættir. Sumarhagar voru góðir og vetrararbeit þokkaleg og bæði nærtæk og skjólgóð en nokkuð þröng. Þá var fjörubeit lítil og vond. Hrollaugsstaðajörðin var snjólétt, hestaganga var framan af vetri og fjárgeymsla hæg. Vatnsból þótti gott. Hlunnindi af jörðinni voru mótak og nokkur reki. Í spurningalista fyrir fasteignamat 1929 segir að mótak sé nærtækt en slæmt og torfrista sé mjög slæm.²⁶ Selveiði var oftast mikil á Hrollaugsstöðum en mismikil áhersla lögð á heimreiði en frá 1879 voru gerðir þaðan út fjórir bátar.²⁷ Í spurningalista vegna fasteignamats 1929 segir ábúandi að útræði sé reitingslegt og erfitt og að lending sé slæm.²⁸ Hrollaugsstaðir fóru í eyði í lok 18. aldar en byggðust aftur upp á fyrri hluta þeirra 19.²⁹

Samgöngur að Hrollaugsstöðum voru erfiðar en 1954 var lagður þangað vegur í tengslum gerð ratsjárstöðvar á Heiðfjalli og uppbyggður vegur kom árið 1960.³⁰ Hrollaugsstaðir fóru í eyði árið 1964.³¹

²⁵ Björn Lárusson 1967, bls. 308; J. Johnsen 1947, bls. 346-347.

²⁶ Fasteignamat 1916-1918, undirmat N-Þingeyjarsýslu, bls. 107-108; Hérþing. PE-1-2-5. Hrollaugsstaðir, spurningalisti, 1929.


²⁷ Friðrik G. Olgeirsson, 1998, bls. 229.

²⁸ Hérþing. PE-1-2-5. Hrollaugsstaðir, spurningalisti, 1929.


²⁹ Sama heimild, bls. 150.

³⁰ Sama heimild, bls. 265, 338.


³¹ Land og fólk, 1985, bls. 599.



Mynd 3. Yfirlitsmynd 1 af minjum í og við heimatún Hrollaugsstæða. Minjarnar eru merktar með grænum punkti. Götur með heilli grárri línu og skurðir og girðingar með grárri brotalínu.



Mynd 4. Yfirlitsmynd 2, frá yngra bæjarstæðinu [3280-014], Stekkjardal og norður í Bugu. Minjarnar eru merktar með grænum punkti. Götur með heilli grárri línu og skurðir og girðingar með grárri brotalínu.



Mynd 6. Túnakort Hrollaugsstaða frá fyrri hluta 20. aldar. Höfundar og ártals er ekki getið. Í túninu voru Lambhúsin [3280-011] vestast, þá bærinn [3280-001] og skemman [3280-003] og fjárhúsin yst [3280-010]. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóft [3280-008] gegndi.




Mynd 5. Yfirlitsmynd af minjum í gamla túninu á Hrollaugsstöðum.



Mynd 7. Bærinn [3280-001] á Hrollaugsstöðum stóð fremst á sjávarbakkanum. Hann var færður ofar í landið árið 1942, þegar tundurdufl sprangu í fjörunni neðan við bæinn. Ofarlega til hægri á myndinni sést rof í sjávarbakkann þar sem sjórinn hefur brotið af bæjarhólnum.



Mynd 8. Horft til suðvesturs, í átt að bæjarhólnum [3280-001] á Hrollaugsstöðum.



Hrollaugsstaðir 3280-001

Hlutverk: Híbýli, bæjarhóll

Tegund: Tóft, hóll

Hættumat: Mikil hætta, hóll og tóftir eru á sjávarbakka þar sem landbrots gætir og hefur þegar brotið af þeim

Staðhættir

Gamli bærinn á Hrollaugsstöðum stóð fremst á sjávarbakka, neðst eða syðst í gamla túninu sem lá meðfram sjávarbakkanum frá suðvestri til norðausturs. Bæjartóftirnar eru á vesturbakka Bæjarlækjarins.

Lýsing

Bæjarhóllinn og bæjartóftin liggja samsíða sjávarbakkanum frá suðvestri til norðausturs og rennur bæjarlækurinn fast austan þeirra. Bæjarhóllinn er um 30m langur og um 15m breiður.

Tóftir síðasta bæjarins standa á hólnum. A.m.k. sex hús sjást í bæjarþyrpingunni og farnar dyr eru sjáanlegar en líklega hafa bæjardyrnar snúið til suðausturs í átt að sjó. Tóftarþyrpingin er um 20x10-14m að utanmáli og greinilegust bæjartóftin um 4-12m að stærð. Tóftirnar eru grasi grónar, veggir að hluta hlaupnir í þúfur en vel greinanlegir, allt að 2m á hæð en farnir að hrynja. Mesta breidd veggja er 2m. Áföst suðvestan tóftarinnar er tóft, líklega einhverskonar útihús. Hluti þeirrar byggingar er hrúnin fyrir bakkann.

Aðrar upplýsingar

Í spurningalista vegna fasteignamats, frá 1929 segir að baðstofa sé 15x6x5 ál, í þremur hólfum og undir súð. Veggir og þak eru úr torfi. Húsið er þá 10 ára, byggt 1928. Önnur bæjarhús voru búr, skemma og bæjardyr. Fjós fyrir þrjá gripi var líklega áfast bænum og sagt í slæmu ástandi. Búrið nýlega byggt en skemma og bæjardyr í lélegu ástandi (Hérþing. PE1-2-5). Í örnefnaskrá Hrollaugsstaða (bls. 1) segir „Gamli bærinn stóð á sjávarbakkanum, en eftir tundurduflasprengingar var hann fluttur 1942 upp þangað sem hann er nú, en niðri á bakkanum er ekki nema tættur einar eftir“. Í frásögn Oddnýjar Guðmundsdóttur sem birtist í Þjóðviljanum á aðfangadag 1954 (294 tbl. bls. 6) segir: „Einu sinni á stríðsárunum, þegar fólkið átti engra tíðinda von, tók jörðina skelfilegan kipp undir fótum þess, brak og brestir – og bæjarhúsin hrundu. Í fjörunni, þar sem duflið sprakk, sést djúp lægð. Fólkið tók að reisa bæinn sinn á ný og bjóst ekki við fleiri tíðindum í kotinu. En í annað sinn fékk jörðin skjálfta og bærinn hrundi. Fólkið þóttist heppið að sleppa lifandi í annað sinn. Og bóndi færði bæinn efst upp í túnið. Hann fékk skaðabætur, sem nægðu vel fyrir nýja þakinu á nýja húsið.“ Heimildamaður sem fæddur er og uppalinn á Hrollaugsstöðum sagði að í hans minni hefðu bara verið tóftir þarna en tóftaveggir nokkuð háir (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.24).



Mynd 9. Brú [3280-002] yfir bæjarlækinn á Hrollaugsstöðum. Horft er niður eftir læknum til suðausturs og sést í tóft [3280-003] ofarlega á mynd. Í rofi má sjá hleðslur undir brúnni.

Hrollaugsstaðir 3280-002

Hlutverk: Brú

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Austan við bæjarhólinn [3280-001] eru leifar brúar yfir Bæjarlækinn.

Lýsing

Hleðslur eru sitt hvoru megin bæjarlækjar, um 40cm á hæð þar sem hægt var að greina þær. Brúargólf úr rekaviði er að hluta enn til staðar og er gróið yfir það. Brúin er 1,5m á lengd.



Mynd 10. Tóft [3280-003] á austurbakka bæjarlækjar. Horft er til norðvesturs

Hrollaugsstaðir 3280-003

Hlutverk: Skemma

Tegund: Tóft


Hættumat: Hætta, tóftin stendur á sjávarbakka þar sem landbrots gætir

Staðhættir

Bæjartóftirnar gamla bæjarins á Hrollaugsstöðum [3280-001] eru á vesturbakka Bæjarlækjarins. Gegnt bænum, hinu megin lækjar er minni tóft sem var skemma samkvæmt heimildamanni (Magnús Vilhjálmsson, 17.12.24).

Lýsing

Tóftin liggur samsíða sjávarbakkanum frá suðvestri til norðausturs. Hún er 6,5x5m að utanmáli. Þil hefur verið til suðvesturs í átt að bæjarlæknum. Veggir eru algrónir og mikið hrundir, 30-70cm háir og breidd um 70cm.



Mynd 11. Teikning af minjum í og við norðausturhorn Ytratúns á Hrollaugsstöðum.

Hrollaugsstaðir 3280-004

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Staðhættir

Túngarður afmarkar enn hluta gamla túnsins á Hrollaugsstöðum.

Lýsing

Garðurinn er 216m á lengd og liggur meðfram efri brún túnsins frá suðvestri til norðausturs þar sem hann liggur að vegg fjárhústóftar [3280-010]. Garðurinn er að mestu leyti austan bæjarlækjar en 14m bútur nær frá bæjarlæknum og til suðvesturs. Mesta breidd er 1,5m og mest hæð um 1m. Garðurinn er gróinn og er rás eftir honum miðjum.

Aðrar upplýsingar

Í Fasteignamati frá 1916-1918 segir að túnið hafi verið 4 ½ dagslátt og girt með gaddavír (Fasteignamat 1916-1918, undirmat, 0054v, 111).



Mynd 12. Horft er eftir túngarðinum [3280-004] til norðausturs.

Hrollaugsstaðir 3280-005

Hlutverk: Íshús, reykhus

Tegund: Tóft

Staðhættir

Nokkrar tóftir eru utan túngarðs (norðan) við norðaustur horn túnsins. Tvískipt tóft er 17m norðaustur af túngarðinum.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 10x6m að utanmáli.

Stærri hólfið er norðaustantil og eru veggir þar reisulegri um 70cm breiðir og 120cm háir. Veggir minna hólfsins suðvestan til eru óverulegri, um 20cm breiðir og 50cm háir. Dyr eru á stærri hólfinu til suðausturs en á því minna til suðurs. Norðvestur horn tóftar er hrúnið inn í tóftina. Tóftin er hlaðin úr torfi- og grjóti og er algróin.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni var þessi tóft upphaflega íshús sem síðar var notað sem reykkofti (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024). Í spurningalista vegna fasteignamats, frá 1929 er getið um fiskihús úr steini 7x5x4 ál. með steingólfi og torfpaki. Það var þá fimm ára gamalt (Hérþing, PE1-2-5).



Mynd 13. Vinstra megin við túngarðinn [3280-004] er tóft [3280-008]. Fast hægra megin við hann eru óljósar heytóftir [3280-006] og hægra megin þeirra er íshústóft [3280-005]. Horft er til suðvesturs.

Hrollaugsstaðir 3280-006

Hlutverk: Heytóft?

Tegund: Tóftir

Staðhættir

Nokkrar tóftir eru utan túngarðs við norðausturhorn gamla túnsins. Rúmlega þrjá metra norðvestur af túngarðinum er tvískipt tóft hugsanlega tvær litlar samliggjandi heytóftir.

Lýsing

Nyrðri tóftin er byggð upp við stórt náttúrugrjót sem er norðvesturhorni tóftar. Hún er 3,5x2,5m að innanmáli og snýr austur-vestur, hugsanlega dyr til suðurs. Hin tóftin snýr nokkurn veginn norður-suður og dyr á henni snúa til suðurs. Hún er 3,5x1,3m að innanmáli. Veggir eru 10-30cm háir og 30cm breiðir. Tóftirnar eru algrónar og veggir nokkuð þýfðir.

Hrollaugsstaðir 3280-007

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Nokkrar tóftir eru utan túngarðs við norðausturhorn gamla túnsins. Fast norðan við norðurenda túnsins er hlaðinn grunnur undan fjárhúsi með hlöðu sem byggð var úr timbri.

Lýsing

Tóftin er vinkillaga, og er 22m löng frá norðnorðvestri-suðsuðausturs og 6,5m breið. Við norðurendann var hlaða,



Mynd 14. Fjárhústóft [3280-007]. Horft er til suðvesturs.

16m löng frá vestsuðvestri-austnorðausturs og 5m breið. Í syðri tóftinni er hlaðinn garði, algróinn. Veggir eru hæstir 50cm á hæð og 80cm á þykkt. Tóftin er algóin. Hluti þekjunnar liggur í hlöðutóftinni.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni var þar þetta fjárhús byggt af föður hans. Húsin voru hlaðin en hlaðan úr timbri. Þessi hús voru rifin þegar flutt var frá Hrollaugsstöðum (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024).

Hrollaugsstaðir 3280-008

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Nokkrar tóftir eru í norðausturhorni túnsins, innan túngarðs. Tvískipt tóft er sunnan undir túngarðinum, á vesturbakka smá lækjar sem rennur um túnið (mynd 11).

Lýsing

Tóftin snýr austur-vestur og er 15,5x5m að utanmáli. Dyr eru á austara hólfi og snúa til suðurs. Líklega er innangengt er á milli hólfa. Veggir eru mjög hrundir, 60-150cm háir og metri á breidd. Þeir eru algrónir en sér í grjóthleðslur í dyrum. Norðan við tóftina eru óljós veggjalög, líklega undan vírgirðingu, sem ná upp að túngarðinum.

Aðrar upplýsingar

Þessi tóft er merkt á túnakorti Hrollaugsstaða (hvorki er getið um höfund eða ártal). Þessi hús voru orðin að tóftum þegar heimildamaður man eftir sér en hann er fæddur 1946 (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024).



Mynd 15. Tóft [3280-009]. Horft til suðvesturs.

Hrollaugsstaðir 3280-009

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Nokkrar tóftir eru í norðausturhorni túnsins, innan túngarðs. Austast í túni, 10m suður af túngarðinum er útihúsatóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður og er 10x7m að utanmáli. Dyr eru á austur langvegg. Veggir eru úr torfi og mikið hrundir, algrónir grasi. Þeir eru 70-150cm háir og metri á breidd. Sunnan við tóftina, áföst

henni er upphækkuð þúst, líklega heytóft.

Aðrar upplýsingar

Þessi tóft er merkt á túnakorti Hrollaugsstaða (hvorki er getið um höfund eða ártal). Heimildarmaður sagði að þarna hafi verið fjárhús (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024).

Hrollaugsstaðir 3280-010

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austast í túninu á Hrollaugsstöðum er aflöng fjárhústóft, byggð ofan á túngarðinn, sem liggur að henni úr vestri.

Lýsing

Tóftin er 40m löng og mest 7,5m á breidd, hún snýr norðnorðvestur-suðsuðaustur. Nyrst eru fjárhús með tveimur gördum og fjórum króm, í því er steipt fjárbað. Á því eru dyr mót suðvestri. Norðan við, fyrir miðju húsi, er hlaða og sunnan hennar er minni fjárhústóft með

garða og tveimur króm. Dyr eru á því við suðausturhorn. Veggir eru 1-2,7m á hæð og breidd er 1,5m. Garðarnir eru grjóthlaðnir og standa vel. Grjót er neðst í veggjum en torf ofan á.



Mynd 16. Til vinstri eru fjárhús [3280-010] með tveimur görðum og sést í steipt baðkar á enda vinstri garðans. Hægra megin tvístæðu húsanna, fyrir miðju, er hlaða og hægra megin hennar minni fjárhús með garða. Í vinstra horni niðri sést túngarðurinn [3280-004] liggja að tóftinni. Horft er til norðausturs.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni voru þessi fjárhús í notkun í tíð foreldra hans en þau voru síðustu bændur á Hrollaugsstöðum (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024).



Mynd 17. Lambhústóft [3280-011] og skjólgarður [3280-012], syðst og vestast í túni. Horft er til suðvesturs.

Hrollaugsstaðir 3280-011

Sérheiti: Lambhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Syðst og vestast í gamla túninu á Hrolleifsstöðum er fjárhústóft og tvær samfastar heytóftir.


Lýsing

Tóftirnar snúa norðnorðvestur-suðsuðaustur og er 16x8,5m að utanmáli. Norðan til eru tvær

heytóftir en fjárhúskró áföst sunnan við. Vegghleðslur standa enn, en farið að hrynja úr þeim. Vegg hæð er 30-100cm og veggþykkt er metri en aðeins 30cm í heytóftinni.

Aðrar upplýsingar

Þessi tóft er merkt á túnakorti Hrollaugsstaða (hvorki er getið um höfund eða ártal. Þessi hús voru orðin að tóftum þegar heimildamaður man eftir sér en hann er fæddur 1946. Tóftirnar voru kallaðar Lambhústóftir (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024).



Hrollaugsstaðir 3280-012

Hlutverk: Matjurtagarður, skjólgarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta vegna landbrots en garðlagið nær út á sjávarbakka sem brýtur af

Staðhættir


Syðst og vestast í gamla túninu á Hrolleifsstöðum er fjárhústóft [3280-011] og sunnan við hana er garðlag, leifar matjurtagarðs.

Lýsing

Til suðurs frá lambhústóftinni er 16m langur, 80cm breiður og 80cm hár garður sem heimildamaður sagði að hefði verið hlaðinn til að skýla rófnagarði sem þarna var fyrir austanáttinni (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024). Þess má geta að í fasteignamati frá 1930 er

Mynd 18. Teikning af minjum 3280-011 og 012.

ekki getið um matjurtagarða og garðurinn því væntanlega frá því eftir það (Hérþing. PE1-2-5, Hrollaugsstaðir, nr. 29).



Mynd 19. Tóft [3280-013]. Horft til suðsuðausturs. Til hægri er teikning af tóftinni.

Hrollaugsstaðir 3280-013

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norðan við vesturenda gamla túnsins á Hrolleifsstöðum er tóft. Tóftin liggur á milli þriggja skurða og er umhverfið þýft.

Lýsing

Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er 11,5x6,5m að utanmáli. Veggir eru hlaupnir í þúfur, algrónir og reglulegir að lögun. Þeir eru 40-60cm háir og metri á þykkt.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður taldi að þetta gæti hafa verið heytóft (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024).



Mynd 20. Yngra bæjarstæðið á Hrollaugsstöðum stendur ofar í landinu en gamla bæjarstæðið sem er á sjávarbakknum. Horf til suðurs.

Hrollaugsstæðir 3280-014

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Húsgrunnur

Staðhættir

Yngra bæjarstæðið á Hrollaugsstöðum er 430m norðnorðvestur af gamla bæjarhólnum og stendur töluvert hærra.

Lýsing


Búið er að rífa íbúðarhúsið en eftir stendur hluti af steypum húsgrunninum og leifar af strompinum. Grunnurinn er 12x9m að utanmáli og snýr suðvestur-norðaustur.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hrollaugsstæða (bls. 1) segir „Bæjarhúsin standa nú á melhæð. Þau eru úr timbri, en túnið er þar neðar, niður á sjávarbakkann“. Akvegurinn að Hrollaugsstöðum endar ofan við við yngra bæjarstæðið. Samkvæmt heimildamanni er húsgrunnurinn undan húsi sem foreldrar hans reistu árið 1949 en ofar var lítill torfbær með áföstu fjósi. Í timburhúsinu var búið til 1964. Viðirnir í húsið komu úr verslunarhúsnaði á Skálum og voru fluttir að Hrollaugsstöðum með bát. Aldrei kom rafmagn að Hrollaugsstöðum en vatn var leitt í húsið úr bæjarlæknum og þar var bæði salerni og sturta. Sími kom um 1953. (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024).



Mynd 22. Fjárhústóft [3280-015]. Horft er til suðausturs. Til hægri er yfirlitsmynd af yngra bæjarstæðinu og öðrum minjum við bæinn.



Hrollaugsstæðir 3280-015

Hlutverk: Fjárhús, hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Yngra bæjarstæðið á Hrollaugsstöðum er 430m norðnorðvestur af gamla bæjarhólnum og stendur töluvert hærra. Norðaustan við íbúðarhúsið er fjárhústóft.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er 12x5m að utanmáli. Hlaðinn garði er fyrir miðri tóft en hvorki heytóft né hlaða. Veggir eru 70-100cm háir og metri á breidd. Þil var til suðvesturs, mót íbúðarhúsinu. Tóftin er grasi gróin.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni voru þetta fjárhús og hesthús (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024).



Mynd 23. Bæjartóft [3280-016]. Horft er til suðausturs.

Hrollaugsstæðir 3280-016

Hlutverk: Híbyli, fjós

Tegund: Tóft

Staðhættir

Yngra bæjarstæðið á Hrollaugsstöðum er 430m norðnorðvestur af gamla bæjarhólnum og stendur töluvert hærra. Akvegurinn að Hrollaugsstöðum endar við bæjarstæðið og ofan hans eru tvær tóftir. Nyrðri tóftin er af torfbæ með áföstu fjósi.

Lýsing

Tóftin samanstendur af þremur samstæðum húsum, 12x10m að utanmáli. Tvennar dyr hafa verið á tóftinni og snúa aðrar til suðausturs en hinar til suðvesturs. Veggir eru mjög hrundir, 80-150cm háir og metri á breidd. Þekjan sem er fallin liggur í tóftinni og þar er einnig vatnskrani.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni var þarna torfbær sem reistur var eftir að tundurdufl skemmdi bæinn sem stóð á sjávarbakkanum. Búið var í bænum til 1949 en þá var reist timburhús skammt frá en fjósið var í notkun til 1964 þegar Hrollaugsstaðir fóru í eyði (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024).



Mynd 24. Útihúsatóft [3280-017]. Horft til norðvesturs.

Hrollaugsstaðir 3280-017

Hlutverk: Hlaða

Tegund: Tóft

Staðhættir

Yngra bæjarstæðið á Hrollaugsstöðum er 430m norðnorðvestur af gamla bæjarhólnum og stendur töluvert herra. Akvegurinn að Hrollaugsstöðum endar við bæjarstæðið og ofan hans eru tvær tóftir. Syðri tóftin liggur á norðurbakka bæjarlækjarins.

Lýsing

Tóftin er með vegghleðslur á þrjá vegur en vegg mót suðaustri vantar og þar hefur líklega verið timburþil. Hún er 12x7m að utanmáli og grasi gróin. Veggir eru 60-100cm háir og metri á breidd.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni var þarna skúrbygging sem notuð var sem hlaða (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024).

Hrollaugsstaðir 3280-018

Hlutverk: Matjurtagarður


Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Í brekku, rúmlega 100m norðnorðvestur frá húsgrunni bæjarins á Hrollaugsstöðum [3280-016] eru leifar matjurtagarða.

Lýsing

Matjurtagarðarnir eru tveir en liggja saman og eru skráðir sem ein heild. Þeir eru 14x8,5m að utanmáli og liggja norðvestur-suðaustur. Hleðslurnar eru grasi, mosa og lyngi grónar. Þær eru um 50cm breiðar og 20-40cm háar. Í beinu framhaldi af matjurtagarðinum er garðlag, væntanlega undan túngirðingu.



Mynd 25. Matjurtagarðar [3280-018] í brekkunni norðan bæjar [3280-016]. Horft er til norðvesturs.

Aðrar upplýsingar

Í brekkunum ofan við torfbæinn [3280-016] voru ræktaðar kartöflur og rabarbari en sprettan var aldrei góð samkvæmt heimildamanni (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024).

Hrollaugsstaðir 3280-019



Mynd 26. Tóft [3280-019]. Horft er til austurs og ber bæjarhólinn í sjávarbakkann.

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í brekku, vestan túna á Hrollaugsstöðum, 275m vestnorðvestur af bæjarhólnum á Hrollaugsstöðum er tóft.

Lýsing

Tóftin er gróin grasi og lyngi. Hún er grafin inn í brekkuna, er 5,5x5m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Vegg hæð er 20-60cm og veggbreidd tæpur metri. Báðir skammveggir eru hrundir inn í tóftina.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni var þarna hesthúskofi sem fjölskyldan á Hrollaugsstöðum hafðist við í þegar tundurdufl sprakk í fjörunni neðan við bæinn (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024). Í fasteignamati frá 1930 er hesthús sagt fyrir fjóra hesta (Hérþing. PE1-2-5, Hrollaugsstaðir, nr. 29).

Hrollaugsstaðir 3280-020

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Hætta vegna landbrots, mógrafirnar liggja frammi á sjávarbakka.

Staðhættir

Innan eða vestan við túnin á Hrollaugsstöðum eru mógrafir við sjóinn, og mótóftir í brekkunum í kring. Fremst á sjávarbakka í víkinni innan við gamla túnið á Hrollaugsstöðum eru tvær samliggjandi mógrafir.



Mynd 27. Mógröf [3280-020]. Horft til suðvesturs.

Lýsing

Mógrafirnar eru í heild 670m² og eru tæplega 80m langar og liggja alveg fram á sjávarbakkann. Lækur sker stærri mógröfina í tvennt.

Hrollaugsstaðir 3280-021

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Innan eða vestan við túnin á Hrollaugsstöðum eru mógrafir við sjóinn, og mótóftir í brekkunum í kring. Fremst á sjávarbakka í víkinni innan við gamla túnið á Hrollaugsstöðum eru mógrafir [3280-020] og á sjávarbakkannum vestan þeirra er önnur, töluvert stærri mógröf, virðist nýlegri.




Mynd 28. Mógrafir [3280-020] og til vinstri mótóftir [3280-022 og 3280-023]. Horft er til vesturs.

Lýsing

Mógröfin er 950m² að stærð og er 60m frá norðri til suðurs og um það bil 18m á breidd. Hún endar fram á sjávarbakka til suðvesturs.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá (bls. 1) segir „Fyrir neðan bæinn eru svarðargrafir gamlar og svo túnið“. Samkvæmt heimildamanni var ekki góð mótekja á Hrollaugsstöðum (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024).



Mynd 29. Mótóft [3280-22]. Horft er til norðvesturs í átt að gamla bæjarstæðinu [3280-1] og túni á Hrollaugsstöðum. Til hægri er yfirlitsmynd af mótóftum 3280-022-026 og mógröfum 3280-021. Þarna sést einnig lega girðingar 3280-030.

Hrollaugsstaðir 3280-022

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Innan eða vestan við túnin á Hrollaugsstöðum eru mógrafir við sjóinn, og mótóftir í brekkunum í kring. Á hólí, rúmlega 30m suðvestur af mógröf [3280-021] er mótóft.

Lýsing

Tóftin snýr austur-vestur og er 3,5x2,5m að utanmáli. Opin til austurs en mögulega hefur veggheðslan þar hrunið fyrir bakka. Veggir eru algrónir og nokkuð þýfðir. Vegg hæð er 10-30cm og veggbreidd 30cm.

Hrollaugsstaðir 3280-023

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Innan eða vestan við túnin á Hrollaugsstöðum eru mógrafir við sjóinn, og mótóftir í brekkunum í kring. Rúmlega 20m suðvestur af mógröf [3280-021] og 20m norður frá sjávarbakka er mótóft.



Mynd 30. Mótóft [3280-023]. Horft er til austurdausturs.

Lýsing

Tóftin snýr austur-vestur og er 5,5x3m að utanmáli. Veggir eru algrónir og nokkuð þýfðir. Veggghæð er 10-30cm og breidd er 30cm.

Hrollaugsstaðir 3280-024

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Innan eða vestan við túnin á Hrollaugsstöðum eru mógrafir við sjóinn, og mótóftir í brekkunum í kring. Tæplega 140m vestur af mógröf [3280-021] eru tvær mótóftir.

Lýsing

Önnur tóftin liggur að hluta ofan á hinni og er því yngri. Hún snýr norður-suður og er 5x3m að utanmáli, algróin. Veggir eru 10-20cm háir og 30cm breiðir.

Aðrar upplýsingar

Vera kann að um mótóft sé að ræða en þær eru nokkru ofar en mógrafirnar neðst í túninu. Gæti einnig verið heytóft.



Mynd 31. Mótóft [3280-024].

Hrollaugsstaðir 3280-025

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Innan eða vestan við túnin á Hrollaugsstöðum eru mógrafir við sjóinn, og mótóftir í brekkunum í kring. Tæplega 130m vestsuðvestur af mógröf [3280-021] eru tvær mótóftir.

Lýsing

Eldri tóftin liggur að hluta undir þeirri yngri. Hún snýr norður-suður og er 6x2,5m að utanmáli og eru veggir hennar stæðilegri en yngri tóftarinnar og sér í grjót í veggjum. Veggir eru 10-60cm háir og veggbreidd er 70cm.

Aðrar upplýsingar

Vera kann að um mótóftir sé að ræða en þær eru nokkru ofar en mógrafirnar neðst í túninu. Gætu einnig verið heytóftir.

Hrollaugsstaðir 3280-026

Hlutverk: Óþekkt, Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Innan eða vestan við túnin á Hrollaugsstöðum eru mógrafir við sjóinn, og mótóftir í brekkunum í kring. Í brekku, tæplega 120m suðvestur af mógröf [3280-021] er tóft, mögulega mó- eða heytóft.

Lýsing

Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er 5x4m að utanmáli, opin til suðausturs.

Aðrar upplýsingar

Vera kann að um mótóft sé að ræða en hún er nokkru ofar en mógrafirnar neðst í túninu. Gæti einnig verið heytóft.

Hrollaugsstaðir 3280-027

Sérheiti: Lending

Hlutverk: Lending


Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Lendingin var í fjörunni framan við bæinn [3280-001]. Þar sjást engin ummerki um lendingu en hún var hnitsett eftir lýsingum heimildamanns.

Aðrar upplýsingar

Í viðbótum við örnefnaskrá Hrollaugsstaða frá 2009 (bls. 1) segir „Lendingin er stutt vestan við Brúnlukku. Kollur heitir kollóttur steinn við Lendinguna. Kemur hann upp úr á fjöru. Stefnan að landi í Lendinguna er rétt vestan við Brúnlukku og vestan við Kollinn og þaðan í fjöruna“. Síðustu ábúendur á Hrollaugsstöðum áttu lítinn vélbát sem dreginn var upp í fjöruna neðan við bæinn. Á veturna var hann færður upp á sjávarbakkann til geymslu (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024).



Mynd 32. Á myndinni sjást vélgrafnir skurðir [3280-028] sem gerðir voru á 5. áratug 20. aldar. Til hægri er gamla túnið og bæjarhóllinn [3280-001] á sjávarbakkannum.

Hrollaugsstaðir 3280-028

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Á fimmta áratug 20. aldar var mýrin sunnan við efra bæjarstæðið ræst fram með skurðgrefti.

Lýsing

Skurðirnir eru fimm talsins og eru hér skráðir sem ein heild. Þeir liggja norðan frá yngra bæjarstæðinu og suður á sjávarbakka. Heildarlengd er um 320m.

Aðrar upplýsingar

Skurðirnir eru vélgrafnir og fengust styrkir frá ríkinu til verksins (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.24).

Hrollaugsstaðir 3280-029

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Á fimmta áratug 20. aldar var mýrin sunnan við efra bæjarstæðið ræst fram með skurðgrefti [3280-028]. Sunnan við þessa skurði og vestan við gamla túnið er skurður.

Lýsing

Skurðurinn er tæplega 90m langur og liggur norðnorðaustur-suðsuðvestur. Hann er mjórri en hinir skurðirnir og mögulega handgrafinn.

Hrollaugsstaðir 3280-030

Hlutverk: Vörslugarður (girðing)

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Hleðsla liggur meðfram Hrollaugsstaðafjalli, á kafla, og nær hún suður á Landsenda, beygir í átt til sjávar og endar við mógrafir [3280-021].

Lýsing

Hleðslan er undan girðingu og eru enn girðingarstaurar á köflum. Hún er gróin, 30cm há og 30-40cm breið þar sem hún var skráð á vettvangi.

Hrollaugsstaðir 3280-031

Sérheiti: Merkilind

Hlutverk: Landamerki

Tegund: Lind

Staðhættir og lýsing

Merkilind er í grónu dalverpi rúmlega 1,2km suðvestur frá gamla bæjarstæðinu á Hrollaugsst-um. Hún var skráð af loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hrollaugsstaða (bls. 2-3) segir „Niður á hana [Löngufjöru] rennur svonefnd Merkilind, sem er hér á merkjum móti Eiði“.

Hrollaugsstaðir 3280-032

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots

Staðhættir

Á sjávarbakka, 380m norðaustur frá bæjarhólnum [3280-001] á Hrollaugsstöðum er tóft.

Lýsing

Tóftin er 2,5x12m að utanmáli og virðast hafa verið dyr til suðurs eða mót sjó. Veggir eru 30-70cm háir og 80cm breiðir. Innbrúnir reglulegar og er botninn aðeins niðurgrafinn. Tóftin er algróin.



Mynd 33. Tóft [3280-032]. Horft til austnorðausturs.

Hrollaugsstaðir 3280-033

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Á sjávarbakka, 380m norðaustur frá bæjarhólnum [3280-001] á Hrollaugsstöðum er tóft [3280-032] og 1,5m norðaustan við hana er hola.

Lýsing

Holan er 50cm að þvermáli og 40-50cm djúp.



Mynd 34. Minjar 3280-032-034.

Hrollaugsstaðir 3280-034

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots, þegar hefur brotið af minjunum

Staðhættir

Á sjávarbakka, 380m norðaustur frá bæjarhólnum [3280-001] á Hrollaugsstöðum er tóft [3280-032] og 1,5m austan við hana er þúst, hugsanlega leifar mannvirkis.

Lýsing

Þústin er 2,5x1,5m að utanmáli og liggur fram á sjávarbakka þar sem nokkuð hátt er niður. Hún er 10-20cm há og grasi gróin en sér í einn stein í útbrún.



Mynd 35. Þúst [3280-034] er til vinstri á mynd og til hægri sést í endann á tóft [3280-032]. Horft er til suðurs.

Hrollaugsstaðir 3280-035

Hlutverk: Skotbyrgi


Tegund: Tóft

Staðhættir

Á hól, um 620m norðaustur frá gamla bæjarhólnum á Hrollaugsstöðum og 35m upp frá sjó er kofatóft.

Lýsing

Tóftin snýr austur-vestur og hafa dyr snúið til vesturs. Tóftin er hlaðin úr grjóti, upp við stóran stein sem stendur við vestur enda suður langveggjar. Tóftin er að mestu gróin lyngi og mosa en sér í hleðslur á köflum. Timburgrind hússins er fallinn en liggur í tóftinni. Vegg hæð er 20-40cm og veggbreidd er 70cm.



Mynd 36. Kofatóft [3280-035]. Horft til suðausturs.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni var þarna egnt fyrir tófu (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024).

Hrollaugsstaðir 3280-036

Hlutverk: Byrgi

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Austur og norðaustur af túnum á Hrollaugsstöðum er mýri og norðaustan hennar veglegur melhóll, nefndur Skjöldur. Sunnarlega á þessum hól er grjóthleðsla.

Lýsing

Hleðslan er um 130x60cm að grunnmáli og mest 30cm há. Þetta virðist geta verið hrúnið grjótbyrgi eða skjól.

Aðrar upplýsingar

Líklegt er að þetta sé smalakofi en gæti einnig verið skotbyrgi.



Mynd 37. Hleðsla [3280-036] á melhól. Horft er til austurs.

Hrollaugsstaðir 3280-037

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Grjóthrúga

Staðhættir

Austur og norðaustur af túnum á Hrollaugsstöðum er mýri og norðaustan hennar veglegur melhóll, nefndur Skjöldur. Sunnarlega á þessum hól er grjóthleðsla [3280-036] og 75m norðnorðvestur af henni er varða.

Lýsing


Varðan sem er meira grjóthrúga en upphlaðin varða, er hugsanlega hrúnið. Hún er 75x75cm að grunnmáli og 30cm há.



Mynd 38. Varða [3280-037]. Horft er til vesturs, heim að Hrollaugsstöðum.



Mynd 39. Stekkjartóft [3280-038] á sjávarbakka. Horft er til vestsuðvesturs. Til hægri er yfirlitsmynd af tóftum neðst í Stekkjardal.



Hrollaugsstaðir 3280-038

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 750m norðaustur frá gamla bæjarhólnum [3280-001] á Hrollaugsstöðum er stekkjartóft á sjávarbakkanum. Tóftin er neðst í dal sem hugsanlega er Stekkjardalur sá sem getið er í örnefnaskrá (sjá aðrar upplýsingar).

Lýsing

Stekkjartóftin liggur samsíða sjávarbakkanum, nokkurn veginn austur-vestur og er regluleg að lögun. Hún er 5,5x4m að utanmáli. Lambakróin er austan við réttina og hefur mögulega verið hlið á henni til vesturs. Hlið var á réttinni til austurs. Veggheðsla liggur í smá boga til austurs út frá norður langvegg og hefur væntanlega verið til að auðvelda innrekstur. Veggir eru grónir, 30-40cm háir og 50-80cm breiðir. Austan við tóftina eru mögulega veggjalög.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hrollaugsstaða segir: „Norðan við hólinn, sem bærinn er á, heitir Stekkjardalur og þar er Stekkjarbrekka. En niður af dalnum, niðri við sjó, heitir Horn“. Tóftin liggur fram á sjávarbakka en ekki voru ummerki um landbrot.

Hrollaugsstaðir 3280-039

Hlutverk: Smalakofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 750m norðaustur frá gamla bæjarhólnum [3280-001] á Hrollaugsstöðum er stekkjartóft á sjávarbakkanum og á litlum hól, 13m norður af henni er lítil kofatóft.

Lýsing

Tóftin er 1,5x1,5m að utanmáli, algróin grasi og mosa. Engar dyr eru greinanlegar. Veggir eru 10-30cm háir og 50cm breiðir. Hlutverk er óljóst en kannski er þetta smalakofi.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hrollaugsstaða segir: „Norðan við hólinn, sem bærinn er á, heitir Stekkjardalur og þar er Stekkjarbrekka. En niður af dalnum, niðri við sjó, heitir Horn“. Tóftin liggur frammi á sjávarbakka en ekki voru ummerki um landbrot.



Mynd 40. Smalakofi [3280-039]. Horft er til suðurs.

Hrollaugsstaðir 3280-040

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 750m norðaustur frá gamla bæjarhólnum [3280-001] á Hrollaugsstöðum er stekkjartóft á sjávarbakkanum [3280-038] og önnur stekkjartóft 40m norðaustur af henni.

Lýsing

Tóftin snýr norðnorðvestur-suðsuðaustur og er 7,5x5m að utanmáli. Engar dyr eru greinanlegar. Veggir eru algrónir og að hlaupa í þúfur. Lambakróin er til norðurs og stendur örlítið hærra en réttin. Veggir eru 30-60cm háir en erfitt er að meta veggbreidd þar sem veggir eru nokkuð stórþýfðir. Torfið í tóftina var líklega tekið 12m norðar en þar eru ummerki eftir torftöku.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Hrollaugsstaða segir: „Norðan við hólinn, sem bærinn er á, heitir Stekkjardalur og þar er Stekkjarbrekka. En niður af dalnum, niðri við sjó, heitir Horn“.



Mynd 41. Stekkjartóft [3280-040] fyrir miðri mynd. Horft er til vesturs.

Hrollaugsstaðir 3280-041

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Ofarlega í dal, sem hugsanlega er Stekkjardalur sem nefndur er í örnefnaskrá (sjá aðrar upplýsingar), austan lækjar er tóft.

Lýsing

Tóftin er 4x4m að utanmáli og er opin við norðvesturhorn. Hún er regluleg að lögun, veggir 20-50cm og veggbreidd 80cm. Veggir aðeins orðnir þýfðir.

Aðrar upplýsingar

Heyjað var í Stekkjardal í tíð síðustu ábúenda samkvæmt heimildamanni (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024).



Mynd 42. Heytóft [3280-00041] á miðri mynd. Horft er til suðvesturs.

Hrollaugsstaðir 3280-042

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Í mýri, 360m norðaustur frá yngri bæjarstæðinu á Hrollaugsstöðum eru tvær mógrafir, hlið við hlið.

Lýsing

Austari gröfin er stærri eða 310m² að flatarmáli og liggur hún norðaustur-suðvestur og er rúmlega 40m löng.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni eru þetta yngstu mógrafirnar á Hrollaugsstöðum og var tekinn mór þar í tíð foreldra hans sem voru síðustu ábúendur á jörðinni (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024).



Mynd 43. Mógrafir [3280-042]. Horft er til suðvesturs, heim að bæ.

Hrollaugsstaðir 3280-043

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Í mýri, 360m norðaustur frá yngri bæjarstæðinu á Hrollaugsstöðum eru tvær mógrafir, hlið við hlið.

Lýsing

Vestari gröfin er 90m² að flatarmáli og snýr norður-suður. Hún er rúmlega 20m löng.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni eru þetta yngstu mógrafirnar á Hrollaugsstöðum og var tekinn mór þar í tíð foreldra hans sem voru síðustu ábúendur á jörðinni (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024).

Hrollaugsstaðir 3280-044

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mýri, 360m norðaustur frá yngri bæjarstæðinu á Hrollaugsstöðum eru tvær mógrafir [3280-042 og 3280-043], hlið við hlið og tæplega 80m suðaustur af þeim er mótóft.

Lýsing

Mótóftin snýr austur-vestur og er 8x4m að utanmáli. Veggir eru 20-30cm háir og 50cm breiðir. Tóftin er algróin.

Aðrar upplýsingar

Samkvæmt heimildamanni eru þetta yngstu mógrafirnar á Hrollaugsstöðum og var tekinn mór þar í tíð foreldra hans sem voru síðustu ábúendur á jörðinni (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.2024).



Mynd 44. Mótóft [3280-044]. Horft er til suðvesturs.

Hrollaugsstaðir 3280-045

Hlutverk: Smalakofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á ógrónum mel, 400m norðaustur frá yngra bæjarstæðinu á Hrollaugsstöðum er grjóthlaðið byrgi.

Lýsing

Byrgið er hlaðið austan undir stórum steini, sem er þá vestur veggur byrgisins.

Vegghleðsla er að norðan og austan en

byrgið er opið til suðurs. Hleðslan er að mestu hrunin að austan en að norðan er hún 40cm há og er þar fjórar steinaraðir.

Aðrar upplýsingar



Mynd 45. Grjóthlaðið byrgi [3280-045]. Horft er til norðurs.

Líklega er um smalabyrgi að ræða.



Mynd 46. Varða [3280-046]. Horft er til suðvesturs og sér í Bæjartjarnir í baksýn.

Hrollaugsstaðir 3280-046

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Á melbrún, norðaustur af Bæjartjörnum er varða.

Lýsing

Varðan er vel hlaðin og stendur vel. Hún er 110x110 að grunnmáli og 140cm há.

Hrollaugsstaðir 3280-047

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Þrjár heytóftir eru í brekku mót austri um 1,2km norðaustur af túni á Hrollaugsstöðum, ofan við svokallaðan Stekkjardal.

Lýsing

Efsta tóftin er upphlaðin heytóft sem snýr vestnorðvestur-austsuðaustur, upp og niður brekkuna, og er 7,5x4m að utanmáli.



Mynd 47. Horft til austurs yfir heytóft [3280-047].

Hrollaugsstaðir 3280-048

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Þrjár heytóftir eru í brekku mót austri um 1,2km norðaustur af túni á Hrollaugsstöðum, í móa ofan við Stekkjardal.

Lýsing

Tvær heytóftir eru skammt frá hvor annarri neðar í brekkunni. Nyrðri tóftin snýr norður-suður og er 6,5x3,5m að utanmáli.



Mynd 48. Horft til suðurs yfir heytóft [3280-048]

Hrollaugsstaðir 3280-049

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Þrjár heytóftir eru í brekku mót austri um 1,2km norðaustur af túni á Hrollaugsstöðum, í móa ofan við Stekkjardal.

Lýsing

Tvær heytóftir eru skammt frá hvor annarri neðar í brekkunni. Syðri tóftin snýr vestnorðvestur-austuðaustur og er 6x3m að utanmáli. Hún er mjög hlaupin í þúfur.



Mynd 49. Horft til norðausturs yfir heytóft [3280-049]

Hrollaugsstaðir 3280-050

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Efri- og Neðri-Bugar heita mýrar og flóar nyrst og austast í landi Hrollaugsstæða um 2,3-3,2km norðaustur frá gamla bæjarstæðinu. Merkin við Kumblastaði liggja þar um. Í Bugum er fjöldi heytófta.

Lýsing

Tóftin snýr austur-vestur og er 4x3m að utanmáli. Hún er gróin mosa og lyngi og virðist gömul. Veggir eru 30-40cm háir en veggbreidd óljós þar sem veggir eru hlaupnir í þúfur.



Mynd 50. Heytóft [3280-050]. Horft er til austurs.

Hrollaugsstaðir 3280-051

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Efri- og Neðri-Bugar heita mýrar og flóar nyrst og austast í landi Hrollaugsstæða um 2,3-3,2km norðaustur frá gamla bæjarstæðinu. Merkin við Kumblastaði liggja þar um. Í Bugum er fjöldi heytófta.

Lýsing

Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er 5x3m að utanmáli. Veggir eru reglulegir að lögun og nokkuð veglegir, 70cm breiðir og að 30-40cm háir að jafnaði en 50cm þar sem þeir eru hæstir.



Mynd 51. Heytóft [3280-051]. Horft til suðausturs.

Hrollaugsstaðir 3280-052

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Efri- og Neðri-Bugar heita mýrar og flóar nyrst og austast í landi Hrollaugsstæða um 2,3-3,2km norðaustur frá gamla bæjarstæðinu. Merkin við Kumblastaði liggja þar um. Í Bugum er fjöldi heytófta.

Lýsing

Tóftin snýr austur-vestur og er 8x3,5m að utanmáli. Hún virðist tvískipt og veggir eru þýfðir og nokkuð veglegir. Veggghæð er 20-50cm og veggbreidd 50-80cm. Vestari hluti tóftar stendur aðeins hærra en sá austari.



Mynd 52. Heytóft [3280-052]. Horft er til suðausturs.

Hrollaugsstaðir 3280-053

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Efri- og Neðri-Bugar heita mýrar og flóar nyrst og austast í landi Hrollaugsstæða um 2,3-3,2km norðaustur frá gamla bæjarstæðinu. Merkin við Kumblastaði liggja þar um. Í Bugum er fjöldi heytófta.

Lýsing

Tóftin snýr vestnorðvestur-austsuðaustur og er 7x4m að utanmáli. Hún er regluleg að lögun, veggir 20-40cm háir og 70cm breiðir.



Mynd 53. Heytóft [3280-053]. Horft er til austurs.

Hrollaugsstaðir 3280-054

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Efri- og Neðri-Bugar heita mýrar og flóar nyrst og austast í landi Hrollaugsstæða um 2,3-3,2km norðaustur frá gamla bæjarstæðinu. Merkin við Kumblastaði liggja þar um. Í Bugum er fjöldi heytófta.



Mynd 54. Heytóft [3280-054]. Horft til suðvesturs og sést heytóft [3280-055] til vinstri.

Lýsing

Heytóft er 14m norðaustur af heytóft [3280-55]. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er 6x3,5m að utanmáli. Hún er algróin, regluleg að lögun. Veggghæð er um 20cm og veggbreidd 50cm.

Hrollaugsstaðir 3280-055

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Efri- og Neðri-Bugar heita mýrar og flóar nyrst og austast í landi Hrollaugsstæða um 2,3-3,2km norðaustur frá gamla bæjarstæðinu. Merkin við Kumblastaði liggja þar um. Í Bugum er fjöldi heytófta.

Lýsing

Heytóftin er 14m suðaustur frá heytóft

[3280-054]. Hún snýr norðvestur-suðaustur og er 6x3,5m að utanmáli. Hún er algróin, regluleg að lögun. Veggghæð er um 20cm og veggbreidd 50cm.



Mynd 55. Heytóft [3280-055]. Horft til suðurs.

Hrollaugsstæðir 3280-056

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Efri- og Neðri-Bugar heita mýrar og flóar nyrst og austast í landi Hrollaugsstæða um 2,3-3,2km norðaustur frá gamla bæjarstæðinu. Merkin við Kumblastaði liggja þar um. Í Bugum er fjöldi heytófta.

Lýsing

Heytóftin snýr norðnorðvestur-austsuð-

austur og er 6,5x3,5m að utanmáli. Hún er regluleg að lögun og hefur samlagast umhverfi sínu nokkuð. Veggir eru 20-30cm háir og 50-70cm breiðir. Tóftin er gróin grasi, mosa og lyngi.



Mynd 56. Heytóft [3280-056]. Horft er til suðsuðvesturs.

Hrollaugsstæðir 3280-057

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Efri- og Neðri-Bugar heita mýrar og flóar nyrst og austast í landi Hrollaugsstaða um 2,3-3,2km norðaustur frá gamla bæjarstaðinu. Merkin við Kumblastaði liggja þar um. Í Bugum er fjöldi heytófta.

Lýsing

Á austurbakka lækjar eru þrjár litlar tóftir í hnapp. Eitt hólfið er vel greinilegt en veggir hinna óverulegri. Utanmál í heild er 9,5x5,5 og tóftin snýr norðnorð-vestur-suðsuðaustur. Hæð veggja er 20-50cm og veggbreidd er 80cm.



Mynd 57. Heytóft [3280-057]. Horft er til suðvesturs.

Hrollaugsstaðir 3280-058

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst, steinalögn

Staðhættir

Í örnefnaskrá Hrollaugsstaða (bls. 2) segir að norður af Selvíkurtanga sé melhæð en ekkert nafn er á henni. Syðst á þessari melhæð er þúst og í köntum hennar virðast vera steinalagnir. Þústin er um 390m vestur frá túngarðinum [3280-066] í Selvík.

Lýsing

Þústin er 2,5x2m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 60cm há þar sem hún er hæst. Norðaustanvert í henni er smá dæld og þar er einnig steinalögn sem virðist manngerð og eins má sjá steinaraðir í útbrúnum á kafla.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk er óþekkt en þetta virðist vera mannert.



Mynd 58. Þúst [3280-058]. Steinalögn er til vinstri á þústinni. Horft til suðvesturs.

Hrollaugsstaðir 3280-138

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Steinalögn

Staðhættir og lýsing

Á sjávarbakka, 410m suðvestur af tún-garðinum í Selvík, er einföld steinalögn. Steinalögnin samanstendur af nokkrum steinum sem liggja í röð frá norðri til suðurs í átt að sjávarbakkanum. Hún er 2m á lengd. Við endasteininn er stika sem markar gönguleiðina á milli Hrollaugsstaða og Kumblavíkur. Hlutverk er óljóst en lögunin er regluleg og þetta virðist vera manngert.



Mynd 59. Steinalögn [3280-138]. Horft til suðvesturs.



Mynd 60. Tóft [3280-059]. Tóft á sjávarbakkanum, vestan Selvíkurár. Þarna gætir landbrots beggja vegna tóftarinnar en ekki hefur brotið af bakkanum beint framán við hana.

Hrollaugsstaðir 3280- 059

Hlutverk: Sel?

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots, tóftin liggur á sjávarbakka og hefur brotið úr bakkanum beggja vegna hennar.

Staðhættir

Á sjávarbakkanum, 20m vestur af Selvíkurá, gegnt bæjarstæði Selvíkur [3280-064], er tví- eða þrískipt tóft.

Lýsing

Tóftin er 8x7m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Dyr hafa snúið til suðaustur, mót sjónum. Vestan við tóftina eru þúfur sem gætu verið framhald af tóftinni. Tóftin er algróin og regluleg að lögun og veggir fremur kantaðir. Þeir eru 10-50cm háir og um metri á breidd.

Aðrar upplýsingar

Að útliti minnir tóftin helst á seltóft eða litla bæjartóft. Heimildarmaður sem alinn er upp á Hrollaugsstöðum sagðist hafa heyrt að sel hafi verið í Selvík (Magnús Vilhjálmsson, 17.12.24).

Hrollaugsstaðir 3280-060

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 200m norðvestur af Selvík, sunnan undir mel, eru tvær heytóftir.

Lýsing

Austari tóftin er 3,5x3m að utanmáli og snýr nokkurn veginn norður-suður. Hún er regluleg að lögun, lyngi gróin og virðist gamalleg. Veggir eru 30-80cm háir og 60cm breiðir. Tóftin er opin til suðurs.



Mynd 61. Heytóft [3280-060]. Horft er til norðvesturs.

Hrollaugsstaðir 3280-061

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 200m norðvestur af Selvík, sunnan undir mel, eru heytóftir.

Lýsing

Vestari tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er 5,5x3,5m að utanmáli. Hún er regluleg að lögun, lyngi gróin og gamalleg. Veggir eru 20-60cm háir og 80cm breiðir.



Mynd 62. Heytóft [3280-061]. Horft til norðausturs.

Óstaðsettar minjar

Hrollaugsstaðir 3280-062

Hlutverk: Kvíar

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í viðbótum við örnefnaskrá Hrollaugsstaða frá 2009 (bls. 1) segir „Kvíalaut er suður af bænum og ofan við Ytratúnið. Stutt norðan við Kvíalaut er lítill melur sem heitir Kvíamelur“.

Lýsing

Ummerki um kvíar fundust ekki við vettvangsskráningu 2024. Heimildamaður þekkti örnefnin og staðsetningu en mundi ekki eftir kvíatóftum eða að hafa heyrt um þær (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.24).

Hrollaugsstaðir 3280-063

Hlutverk: Torftökustaður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Samkvæmt heimildamanni var á hans uppvaxtarárum stungið torf upp undir Kleifarhnaus á svipuðum slóðum og mógrafir [3280-42 og 43] eru. Þarna sáust ekki ummerki um torfristu við vettvangsskráningu 2024 (Magnús Vilhjálmsson, 18.12.24).

Aðrar upplýsingar

Að sögn heimildamanns var torf frekar notað í hleðslur en grjót og stafar það væntanlega af betra aðgengi að torfi en grjóti. Í veggri var stungin snidda en rist torf á þakið. Torfið var flutt heim á hestum.

Selvík - söguágrip

Á fyrri helmingi 19. aldar fjölgaði byggðum jörðum á Langanesi úr 16 í 26 og voru sjö þeirra hjáleigur sem byggðust vegna hagstæðra ytri skilyrða.³² Ein þessara hjáleiga var Selvík sem stóð á sjávarbakkanum við samnefnda vík, austarlega í landi Hrollaugsstaða. Selvíkurá rennur í boga norðan og austan við tóftir býlisins.

Í örnefnaskrá Hrollaugsstaða³³ segir að Selvíkur nafnið sé ágiskun ein og að í raun þekkist ekkert nafn á býlinu en í örnefnaskrá Kumblavíkur er býlið sagt samnefnt vikinni.³⁴

Ekki er fullvíst hvenær býlið byggðist en í örnefnaskrá Kumblavíkur³⁵ er það talið í kringum 1824-1825. Í grein í Múlaþingi frá 1994 segir sr. Sigmar I. Torfason³⁶ að það geti verið fyrr eða í kringum 1819. Árið 1829 eru skráð til heimilis í Selvík, hjónin Málfríður eða Málmfríður Þorsteinsdóttir og Bjarni Finnbogason, sem sagður er lifa af landsnytjum, ásamt þremur börnum og vinnukonu³⁷. Árið 1837 eru börnin orðin fjögur³⁸. Málfríður og Bjarni munu hafa verið einu ábúendur í Selvík. Í Langnesinga sögu segir að býlið hafi farið í eyði 1844 en líklega er réttara að það hafi farið í eyði 1843 en það ár lést Bjarni, Málfríður hafði látist ári áður.³⁹

Í jarðabók 1847 er Selvík skráð sem hjáleiga frá Hrollaugsstöðum en neðanmáls segir að býlið sé einungis nefnt af sýslumanni og presti og þyki líklegast að það tilheyri Hrollaugsstöðum. Jafnframt segir að sýslumaður hafi metið býlið á tvö hundruð.⁴⁰ Í dag eru merki Hrollaugsstaða og Kumblavíkur við Selvíkurána og tóftir býlisins því í landi Kumblavíkur en óvíst er hvenær merkin voru færð. Þar sem jörðin er nú í landi Kumblavíkur er nafn þeirrar jarðar fremst í aukenningu minja.

³² Friðrik G. Olgeirsson, 1998, bls. 150.

³³ Hrollaugsstaðir, örnefnaskrá, bls. 1.

³⁴ Kumblavík, örnefnaskrá, bls. 2.

³⁵ Kumblavík, örnefnaskrá, bls. 2.

³⁶ Sr. Sigmar I. Torfason, 1994, bls. 145

³⁷ Þjóðskjalasafn Íslands. Sóknarmanntöl, Sauðanessókn 1829-1831.

³⁸ Þjóðskjalasafn Íslands, Sóknarmanntöl, Sauðanessókn 1837-1849

³⁹ Friðrik G. Olgeirsson, 2000, bls. 212; Sigmar I. Torfason, 1994, bls. 145.

⁴⁰ J. Johnsen, 347.



Mynd 63. Yfirlitsmynd af minjum í Selvík. Brotalína sýnir núverandi landamerki um Selvíkurá.



Mynd 64. Yfirlitsmynd af Selvík í júní 2024. Á myndinni sést vel túngarðurinn [3280-066] sem umlykur túnið. Bæjarhóllinn [3280-064] er á sjávarbakkanum og neðan hans sést hvernig sjórinn brýtur af bakkanum. Minjarnar næst sjónum eru allar í hættu vegna landbrots.

Kumblavík 3280-064

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots, tóftin liggur á sjávarbakka þar sem landbrots gætir

Staðhættir

Bæjartóftin er á sjávarbakkanum, syðst og vestast í túni.

Lýsing

Tóftin er vel greinanleg og grasi gróin að mestu en sér í örfáa steina í



Mynd 65. Bæjarhólinn [3280-064] liggur fremst á sjávarbakka þar sem landbrots gætir og sjá má að rofið nær næstum að bæjartóftinni. Horft er til norðurs.

vegghleðslum. Veggir eru 30-40cm háir og breidd veggja er á bilinu 80-130cm. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er 12,5x6-10m að utanmáli, breiðari til norðvesturs. Þó tóftin sé vel greinanleg þá eru innvegir óljósir til suðausturs en til norðvesturs er inngangur og líklega tvö rými.

Aðrar upplýsingar

Bærinn var í notkun í um 20 ár, áður en hann fór í eyði. Nokkuð slétt er innan túns en syðst í túninu er smá hæð sem nær fram á sjávarbakkann og er bæjartóftin þessari hæð. Í örnefnaskrá Hrollaugsstaða (bls. 1) segir „Þá næst er annar klettatangi, sem heitir Selvíkurtangi. Austan hans opnast allbreið vík, sem heitir Selvík. Þar var eitt sinn býli, norðan árinna. Það er líka nefnt Selvík á uppdrætti, en mun ágizkun ein. Ekkert nafn þekkist þar nyrðra á býlinu“.

Kumblavík 3280-065

Hlutverk: Óþekkt, smiðja eða skemma

Tegund: Tóft

Staðhættir

Bæjartóftin [3280-064] er á sjávarbakkanum, syðst og vestast í túni og fast norðaustan við hana er önnur tóft, minni.

Lýsing

Tóftin snýr norðnorðaustur-suðsuðvestur og er um 3,5x3,5m að utanmáli. Dyr hafa snúið til suðvesturs í átt að bæjartóftinni. Tóftin er regluleg að lögun, veggir 10-50cm háir og 80cm á breidd.

Aðrar upplýsingar

Nálægð tóftar við bæ, gæti bent til þess að þarna hafi verið smiðja eða skemma.

Kumblavík 3280-066

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots, túngarðsendarnir sem liggja að sjávarbakkanum eru í hættu vegna landsbrots, einkum sá vestari sem þegar hefur brotið af.

Staðhættir

Túngarður liggur í boga umhverfis túnið að vestan, norðan og austan en að sunnan afmarkast það af sjávarbakka.

Lýsing

Garðurinn er 160m langur og tvenn eða þrenn hlið á honum, eitt til austurs, annað til vesturs og hugsanlega það þriðja til norðausturs. Túngarðurinn er vel stæðilegur en hrunið úr honum á nokkrum stöðum. Hann er algróinn grasi, 70-90cm hár og rúmlega metri þar sem hann er breiðastur. Við austurvegginn innanverðan er minna garðlag sem liggur til suðaustur frá túngarðinum og í átt til bæjartóftarinnar [3280-064]. Hann er 18m langur, algróinn og er hér skráður sem hluti af túngarðinum.

Aðrar upplýsingar

Túnið hefur verið 0,3 hektarar að stærð.

Kumblavík 3280-067

Hlutverk: Óþekkt, stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots, tóftin liggur fram á sjávarbakka þar sem landbrots gætir

Staðhættir

Á sjávarbakkanum, fast austan við Selvíkurá, er tóft sem byggð er upp við túngarðinn.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og minnir helst á stekk. Hún er 7x5m að utanmáli og hefur hlið verið til norðurs. Ekki er að sjá að hlið hafi verið á milli hólfa. Veggir eru 10-50cm háir og eru veggir syðra hólfsins lægri, þeir eru algrónir grasi og mosa.



Mynd 66. Tóft [3280-067] er byggð vestan undir túngarðinum og er tvískipt. Á myndinni sést að þarna er virkt landbrot og eru minjarnar í hættu af þeim sökum. Norður snýr upp á mynd.

Kumblavík 3280-068

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft, niðurgröftur

Staðhættir

Syðst í túninu í Selvík er hæð og norður undan henni lítil tóft og niðurgröftur. Minjarnar eru 16m norðaustur frá bæjartóftinni [3280-064].

Lýsing

Tóftin er byggð upp við brekkuna og að hluta grafinn inn í hana. Auk þess er gólf tóftarinnar aðeins niðurgrafið. Veggir eru 10-50cm háir, hæstir upp við brekkuna. Þeir eru rétt um 40cm á breidd, algrónir og smáþýfðir. Hlutverk þessa mannvirkis er óþekkt og óvíst hvort þak hafi verið á því. Vesturveggur er nokkuð umfangsmeiri en aðrir veggir og er næstum 3m á lengd.



Mynd 67. Afmarkað hólfi [3280-068] upp við brekkuna. Horft er til vesturs.

Kumblavík 3280-069

Hlutverk: Rétt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Syðst og austast í túninu er rétt, hlaðin upp við túngarðinn [3280-066] innanverðan.

Lýsing

Réttin snýr norður-suður og er 11x7m að utanmáli. Hlið er fyrir miðjum vesturvegg. Á túngarðinum, fast sunnan við réttina hefur verið hlið. Veggir eru reglulegir en nokkuð hrunið úr hleðslunni. Hún er algróin grasi og mosa. Hleðslan er 30-80cm há og 80cm breið.



Mynd 68. Rétt [3280-069] og kofatóft [3280-070] innan túngarðs í Selvík. Á milli tóftanna hefur mögulega verið hlið á túngarðinum. Horft er til norðvesturs.

Kumblavík 3280-070

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta, minjarnar eru skammt frá sjávarbakka þar sem landbrots gætir

Staðhættir

Syðst og austast í túninu, innan túngarðs [3280-066] og sunnan réttarinnar [3280-069] er lítill tóft sem minnir helst á heytóft eða lítinn kofa.

Lýsing

Tóftin er 3x2,5m að utanmáli, vel greinanleg en veggir rétt um 10-30cm háir og 60-80cm breiðir. Þeir eru algrónir og smáþýfðir.



Mynd 69. Yfirlitsmynd af bæjarstæði Kumblavíkur í júní 2024. Horft er til norðvesturs. Bæjarlækurinn er fyrir miðri mynd og bæjarhóllinn [3280-092] á sjávarbakkanum vinstra megin hans. Útihúsin voru í túninu hægra megin bæjarlækjar og þar voru umfangsmiklar mógrafir upp af sjávarbakkanum og upp undir mitt túnið.

Kumblavík - söguágrip

Kumblavík er fyrst getið í rekaskrá Skálholtsstaðar frá því um 1270 (ritháttur þar Kumlavík).⁴¹ Jörðin var í bændaeign og að fornu metin á átta hundruð. Landskuld var 0,8 álnir og kúgildi eitt.⁴²

Um miðbik 19. aldar var tvíbýli í Kumblavík og þar bjuggu mest 18 manns árið 1860. Jörðin varð aftur tvíbýli á 20. öldinni og í manntali 1920 eru húsbændur skráðir Sigtryggur Helgason og Magnús Guðbrandsson. Sigtryggur og eiginkona hans Guðbjörg Friðriksdóttir voru jafnframt síðustu ábúendur í Kumblavík en þar bjuggu þau til ársins 1946.⁴³ Jörðin var mjög einangruð og komst aldrei í vegsamband.⁴⁴

Ábúendur í Kumblavík lifðu af landbúnaði og veiðum, bæði fisk- og selveiðum, en hvergi var betri selveiði á Langanesi og var veiðin jafnvel tvöfalt á við aðrar jarðir.⁴⁵ Í Fasteignamati frá

⁴¹ Íslenskt fornbréfasafn, DI II, 71.

⁴² J. Johnsen, 1847, bls. 346.


⁴³ Friðrik G. Olgeirsson, 1998, bls. 210. Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl. www.manntal.is

⁴⁴ Friðrik G. Olgeirsson, 2000, bls. 164.

⁴⁵ Friðrik G. Olgeirsson, 1998, bls. 90-91, 210.

1916-1918 segir að landrými sé töluvert, bæði mýrlendi og móar og fremur grösugt. Túnið, sem girt var með gaddavír, var harðlent og grýtt og gaf af sér 130 vættir töðu. Engjar voru að mestu fjarri bæ og engjavegur sagður vondur. Þær gáfu af sér 400 vættir, voru votlendar og sumpart þýfðar, ekki grasgefnar og hey hvorki mikil né holl. Vetrararbeit var ekki góð og land nokkuð snjóþungt en víðlent. Sumarhagar voru aftur sæmilegir en fjörubeit lítil. Af hlunnindum er mótekja sögð góð og trjáreki nokkur en háir sjávarbakkar þess valdandi að erfitt gat verið að ná honum. Fiskur var langsóttur og landing slæm en selveiði góð. Vatnsból er nærtækt en vatnið ekki gott. Áhöfn voru 2 kýr, 120 ær, 20 lömb og fjórir hestar.⁴⁶

Í Tímanum þann 9. október 1945 er Kumblavík auglýst til sögu og segir að jörðin sé ein af bestu rekajörðum á Langanesi og laus til ábúðar á næsta vori.⁴⁷ Væntanlega hafa ekki fengist kaupendur af jörðinni því hún fer í eyði 1946, fyrst jarða á austanverðu nesinu.



Mynd 70. Túnakort Kumblavíkur frá fyrri hluta 20. aldar. Höfundar og ártals er ekki getið. Í túninu var þá bærinn [3280-092] á sjávarbakkanum. Hús [3280-099 og 101] voru fjárhús en útihús [3280-100] er með óþekktu hlutverki.

⁴⁶ Fasteignamat 1916-1918, undirskrift Norður-Þingeyjarsýsla, bls. 107.

⁴⁷ Auglýsing í Tímanum, 9. október, 1945, bls. 7.



Mynd 72. Yfirlitsmynd af minjum í landi Kumblavíkur.



Mynd 71. Yfirlitsmynd af minjum á og við bæjarstæði Kumblavíkur.

Kumblavík 3280-071

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Engi voru norður og upp af Djúpa-skurðsvík og þar eru fjórar heytóftir, 620-680m norður frá sjávarbakkanum.

Lýsing

Heytóft, 3,5x2,5m að utanmáli. Tóftin snýr nokkurn veginn austur-vestur og stendur hátt. Hún er vaxin, lyngi, mosa og grasi og er vel greinanleg. Veggir eru 30cm háir og mest 50cm breiðir.



Mynd 73. Heytóft [3280-071]. Horft til suðausturs.

Kumblavík 3280-072

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Engi voru norður og upp af Djúpa-skurðsvík og þar eru fjórar heytóftir, 620-680m norður frá sjávarbakkanum.

Lýsing

Heytóft, 3x2,5m að utanmáli. Óregluleg og veggir orðnir þýfðir. Tóftin er grasi og mosa vaxin og veggir 20-30cm háir og mest 50cm breiðir.



Mynd 74. Heytóft [3280-072]. Horft til suðurs.

Kumblavík 3280-073

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Engi voru norður og upp af Djúpa-skurðsvík og þar eru fjórar heytóftir, 620-680m norður frá sjávarbakkanum.

Lýsing

Heytóft sem snýr norðaustur-suðvestur og er 5,5x3,5m að utanmáli. Tóftin er algróin grasi og mosa og veggir þýfðir en



Mynd 75. Horft til suðvesturs yfir heytóft [3280-073].

vel greinilegir. Torfið í tóftina hefur líklega verið tekið við norðvesturhorn hennar. Tóftin er fast austan við tóft [3280-74].

Kumblavík 3280-074

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Engi voru norður og upp af Djúpaskurðsvík og þar eru fjórar heytóftir, 620-680m norður frá sjávarbakkanum.

Lýsing

Heytóftin snýr norðaustur-suðvestur og er 5,5x3,5m að utanmáli. Tóftin er algróin grasi og mosa og veggir þýfðir en vel greinilegir. Tóftin er fast vestan við tóft [3280-73].



Mynd 76. Heytóft [3280-074] til vinstri og heytóft [3280-073] til hægri, sú er minni og virðist jafnvel eldri. Horft er til suðurs.

Kumblavík 3280-075

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Upp af Djúpaskurðsvík og austan Djúpaskurðar, sem er á merkjum milli Hrolleifsstaða og Kumblavíkur (skv. Landamerkjabók Þingeyjarsýslu 1901-1935, nr. 188) er heytóft, 130m frá sjávarbakkanum.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og liggur í smá boga frá suðri til norðausturs. Hún er 7,5x4m að utanmáli. Veggir eru algrónir og stórþýfðir en tóftin vel greinanleg. Hæð veggja er 30-60cm og breidd mest 100cm.



Mynd 77. Heytóft [3280-075]. Horft er til suðvesturs í átt til Selvíkur.

Kumblavík 3280-076

Sérheiti: Hermannsmerki?

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Vestarlega í landi Kumblavíkur eru björg upp af sjó sem heita Bergið. Austanvert og efst á því er varða.

Lýsing

Varðan er nokkuð umfangsmikil eða rétt um 2x2m að grunnmáli. Hún er mest 60cm há. Vera kann að þetta sé merki það sem getið er í örnefnaskrá hér að neðan og kallaðist Hermannsmerki.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kumblavíkur (bls. 2) segir „Dómsneslækurinn rennur fram af allháu bjargi. Vestur af honum taka við klettótt björg, Bergið, sem lokar Kumblavík að vestan. Á því hæst er Tafla. Þar uppi var svokallað Hermannsmerki. Skip kom hér uppað, og þeir, sem á því voru, settu þarna vörðu og merki upp úr henni“.



Mynd 78. Varða [3280-076]. Horft er til austurs og sést í túnið í Kumlavík ofarlega fyrir miðri mynd.

Kumblavík 3280-077

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Syðst og austast á Berginu, um 70m ofan við gönguleiðina milli Selvíkur og Kumblavíkur er stór náttúrusteinn sem hlaðið hefur verið ofan á.

Lýsing

Steinninn er um 3,8m langur frá austri til vesturs og um 2m frá norðri til suðurs. Steininum hallar til suðurs og sunnan

hans er grjóthrúga um 3,5x5m að ummáli og nær hún að hluta upp á steinninn. Ofan á steininum er grjóthleðsla, tvö umför af steinum sem mynda 2m langa hleðslu. Óvíst er hvort grjóthrúgan suður af steininum hefur verið einhverskonar mannvirki því ekki voru þar auðgreinanlegir veggir. Steinunum virðist þó hafa verið safnað þarna saman. Vera kann að þetta sé merki það sem getið er í örnefnaskrá hér að neðan og kallaðist Hermannsmerki



Mynd 79. Varða/hleðsla [3280-077]. Horft er til norðausturs.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kumblavíkur (bls. 2) segir „Dómsneslækurinn rennur fram af allháu bjargi. Vestur af honum taka við klettótt björg, Bergið, sem lokar Kumblavík að vestan. Á því hæst er Tafla. Þar uppi var svokallað Hermannsmerki. Skip kom hér uppað, og þeir, sem á því voru, settu þarna vörðu og merki upp úr henni“.

Kumblavík 3280-078

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Vestast í landi Kumblavíkur eru björg við sjóinn sem nefnast Bergið samkvæmt örnefnaskrá (bls. 2). Austur af þessum björgum, við sjávarbakkana er mógröf og nokkrar mótóftir.

Lýsing

Mógröfin er 530m² að stærð og hún er 170cm þar sem hún er dýpst.



Mynd 80. Mógrafir [3280-078] á sjávarbakka. Horft er til vestsuðvestur.

Kumblavík 3280-079

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestast í landi Kumblavíkur eru björg við sjóinn sem nefnast Bergið samkvæmt örnefnaskrá (bls. 2). Austur af þessum björgum, við sjávarbakkana eru mógröf og nokkrar mótóftir.

Lýsing

Nyrsta mótóftin er 2,5x2,3m að innanmáli og snýr norður-suður. Austur langveggur er heldur lengri en vestur veggurinn. Tóftin er nokkuð gammalleg að sjá grasi og lyngi gróin. Veggir eru 10-30cm háir og 40-50cm breiðir.



Mynd 81. Mótóft [3280-079]. Horft til suðurs.

Kumblavík 3280-080

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Þúst

Staðhættir

Vestast í landi Kumblavíkur eru björg við sjóinn sem nefnast Bergið samkvæmt örnefnaskrá (bls. 2). Austur af þessum björgum, við sjávarbakkana er mógröf og nokkrar mótóftir.

Lýsing

Austasta mótóftin er meira þúst en tóft. Hún snýr norðaustur-suðvestur og er 3x2,5m að utanmáli. Hún er algróin mosa og lyngi og 10-30cm há.



Mynd 82. Mótóft [3280-080]. Horft til suðvesturs.

Kumblavík 3280-081

Hlutverk: Mótóft


Tegund: Þúst

Staðhættir

Vestast í landi Kumblavíkur eru björg við sjóinn sem nefnast Bergið samkvæmt örnefnaskrá (bls. 2). Austur af þessum björgum, við sjávarbakka, er mógröf og nokkrar mótóftir.

Lýsing

Mótóftin snýr norður-suður og er 4x2m að utanmáli. Veggir eru 10-20cm háir og algrónir lyngi. Við suðausturhorn tóftar sést niðurgröftur þar sem efni hefur verið tekið í tóftina.



Mynd 83. Mótóft [3280-081]. Horft er til norðnorðvesturs.

Kumblavík 3280-082

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestast í landi Kumblavíkur eru björg við sjóinn sem nefnast Bergið samkvæmt örnefnaskrá (bls. 2). Austur af þessum björgum, við sjávarbakka, er mógröf og nokkrar mótóftir.



Mynd 84. Mótóft [3280-082]. Horft er til suðvesturs.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er 3,5x2m að utanmáli. Hún er algróin grasi og lyngi. Veggir eru 5-15cm háir og mest 30cm breiðir.

Kumblavík 3280-083

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna landbrots, rofs

Staðhættir

Vestast í landi Kumblavíkur eru björg við sjóinn sem nefnast Bergið samkvæmt örnefnaskrá (bls. 2). Austur af þessum björgum, við sjávarbakkana er mógröf og nokkrar mótóftir.

Lýsing

Fremst á sjávarbakkanum er mótóft sem snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 4x3m að utanmáli og veggir 20-30cm háir, grasi grónir og smá þýfðir.



Mynd 85. Mótóft [3280-083] á sjávarbakka. Horft er til suðvesturs.



Mynd 86. Varða [3280-084]. Horft er til austsuðausturs.

Kumblavík 3280-084

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Rétt um 600m vestnorðvestur af bæjartóftum [3280-092] í Kumblavík er varða.

Lýsing

Varðan er hlaðin upp á stórum steini og er 120cm á hæð og 70cm breið. Hún er stæðileg og hleðslan stendur vel.


Kumblavík 3280-085

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Fremst á grýttum sjávarbakka, 600m í beinni loftlínu, vestsuðvestur af bæjartóftum [3280-092] í Kumblavík er hleðsla upp við og upp á stóran stein.



Mynd 87. Hleðsla [3280-085]. Horft er til austsuðausturs og sést í túnið í Kumblavík ofarlega fyrir miðri mynd.

Lýsing

Hleðslan er einföld og um 150cm löng og endar í suðri upp á stórum steini sem stendur fremst á sjávarbakka. Hún er nokkuð hrunin og hefur líklega aldrei verið sérstaklega veigamikil. Hleðslan er hæst uppi á steininum og er með steininum um 70cm hár.

Kumblavík 3280-086

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Fremst á grýttum sjávarbakka, 510m í beinni loftlínu, vestsuðvestur af bæjartóftum [3280-092] í Kumblavík er hleðsla, á stærri steini.

Lýsing

Hleðslan er einföld og samanstendur af sex steinum. Hlutverk er óljóst.



Mynd 88. Hleðsla [3280-086]. Horft er til austurs og í fjarska er túnið í Kumlavík.



Mynd 89. Horft til norðvesturs yfir tóftir [3280-088] til vinstri og [3280-087] til hægri.

Kumblavík 3280-087

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í brekku, vestur af túninu í Kumblavík, 120m norðvestur af bæ eru tvær tóftir. Austari tóftin er tvískipt og er líklega heytóft.

Lýsing

Tóftin snýr norðvestur-suðausturs og er 10x3m að utanmáli. Veggir eru 30cm háir og 40cm á breidd. Tóftin er algróin grasi.

Kumblavík 3280-088

Hlutverk: Heytóft


Tegund: Tóft

Staðhættir

Í brekku, vestur af túninu í Kumblavík, 120m norðvestur af bæjartóftunum eru tvær tóftir. Vestari tóftin er 17m suðvestur af tóft [3280-087] og er líklega heytóft.

Lýsing

Tóftin er tvískipt og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 11x5m að utanmáli og hefur verið inngangur við suðurhorn tóftar. Veggir eru 30-60cm háir og veggþykkt er 70cm. Norðurhluti tóftar virðist dálítið upphækkaður og kann að vera að minni heytóft hafi verið hlaðin í norðvestur endanum. Dyr virðast út úr suðvestur horni tóftar en það kann þó að vera hrun úr vegg.



Mynd 90. Tóftir [3280-087-088].

Kumblavík 3280-127

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 50m austan við Selvíkurá, um 1.3km norður af bæjarstæði Selvíkur er heytóft.

Lýsing

Tóftin liggur í brekku og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru 20-50cm háir og 50cm þykkir. Veggir eru nokkuð veglegir fyrir heytóft en engar dyr eru greinanlegar á tóftinni og staðsetningin bendir til að þetta sé heytóft.



Mynd 91. Heytóft [3280-127] austan Selvíkurár.



Mynd 92. Hleðsla á stórum náttúrusteini [3280-128]

Kumblavík 3280-128

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla, steinalögn

Staðhættir

Í brekku norðan tjarnar milli Selsvíkur og Kumblavíkur, 155m vestur af tóft beitarhúss [3280-089] ofan Bergstjarnar eru nokkrir steinar ofan á stórum náttúru-steini.


Lýsing

Fimm stórum steinum hefur verið raðað efst eftir stóru náttúrubjargi. Hlutverk

þessarar steinlagnar er óþekkt. Grjóti hefur verið hlaðið upp í tveggja metra langa óvandaða hleðslu vestan steinsins en sú hleðsla er mjög hrúðin. Virðist ekki hafa verið eiginlegt byrgi.



Mynd 93. Beitarhúsatóft [3280-089]. Horft er til suðurs. Ofarlega til vinstri sést í Bergstjörn.



Kumblavík 3280-089

Sérheiti: Beitarhús

Hlutverk: Beitarhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tóftir beitarhúsa eru á hrygg á milli nokkurra tjarna en Bergstjörn, sem nefnd er í örnefnaskrá, er 200m suðaustan við tóftirnar. Tóftin er 2km norðvestur af bæ í Kumblavík.

Lýsing

Tóftin er lyngi gróin en sér í grjóti í hleðslum. Hún snýr norður-suður og hafa dyr verið til suðurs. Innanmál tóftar er 12x5,5m. Veggir eru 30-70cm háir og 100cm breiðir. Smá kofatóft eða stuttur leiðigarður er við suðaustur horn tóftarinnar. Hann er vinkillaga, 3x3m á kant. Garðurinn er lægri en veggurinn í beitarhúsinu, um 40cm hár og 50cm breiður.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kumblavíkur (bls. 2) segir „Upp af Berginu fyrrnefnda heitir Bergstjörn. Þar ofar er hryggur. Á honum voru Beitarhús“.

Kumblavík 3280-129

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í brekkurótum austan Bergsins, um 550m austur af Bergstjörn og 1,3km norðvestur frá bæjarstæði Kumblavíkur er heytóft.

Lýsing


Tóftin liggur nálega austur-vestur. Hún er upphækkuð, 9x4m að utanmáli. Veggir eru um 30cm á þykkt og 10-20cm á hæð.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kumblavíkur (bls. 3) segir: „Sunnan við Þrívörðuhól heitir Engjadalur. Hann nær til sjávar rétt austan við Bergið [...] en þessi dalur nær nokkuð langt upp.“



Mynd 94. Heytóft [3280-129] í Engjadal.



Mynd 95. Þrískipt útihúsatóft [3280-090] ofan túns í Kumblavík. Horft er heim að bæ til suðausturs.

Kumblavík 3280-090

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Norður og upp frá túninu í Kumblavík, 415m norður af bæjarhólnum [3280-092] eru leifar útihúsa neðst í brekku.

Lýsing

Tóftin er þrískipt um 10x10m að utanmáli. Þrennar dyr hafa verið á húsinu og snúa allar til suðurs. Veggir eru 0,6-0,9m að utanmáli og veggþykkt 70cm. Tóftin er gróin, grasi, mosa og lyngi en sér í eitt grjót í hleðslu. Miðju hólfið er stærst, um 2x8m að innanmáli. Vestan við er hólfi sem er 2x5m að innanmáli en austan við hólfið sem er 3x5m að innanmáli.

Kumblavík 3280-091

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir


Um 40m norður af norðurenda túnsins í Kumblavík, rúmlega 200m norðaustur af bæjarhólnum [3280-092] er tóft.

Lýsing

Tóftin sem er algróin, snýr norðvestur-suðaustur og er 5,5x3m að utanmáli. Veggir eru 10-20cm háir og 30cm breiðir.



Mynd 96. Heytóft [3280-097]. Horft er til suðausturs.



Mynd 97. Yfirlitstekning af minjum í heimatúni Kumblavíkur.



Mynd 98. Bæjarhóllinn [3280-092] í Kumblavík er frammi á sjávarbakka eins og aðrir bæjarhólar á austanverðu Langanesi. Horft er til norðnorðvesturs.

Kumblavík 3280-092

Hlutverk: Híbýli, bæjarhóll

Tegund: Tóft, hóll

Hættumat: Hætta vegna nálægðar við sjávarbakka

Staðhættir

Bæjarhóllinn í Kumblavík er um 7m ofan sjávarbakka, vestan bæjarlækjar en útihús voru flest austan lækjarins.

Lýsing

Bærinn og bæjarhóllinn snúa frá norðaustri til suðvesturs og eru tóftirnar á honum 26x18m að utanmáli. Framhús úr timbri er syðsta hús bæjarins og hafa bæjardyrnar snúið til suðurs. Bæjarhúsin eru öll fallin en þekjan til staðar og timbrið úr framhúsinu liggur enn í tóftinni en húsið hefur verið um 12x8m að utanmáli. Aftan við framhúsið hafa verið að minnsta kosti fimm hús og innangengt í tvö þeirra úr suðaustri. Auk þess eru dyr á nyrsta húsi bæjarins sem snúa til norðausturs. Veggir eru mjög hrundir, vegg hæð er 0,5-2m og þykkt veggja 1-3m.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kumblavíkur (bls. 1) segir að bæjarhús hafi verið úr torfi og timbri. Framhús var byggt í Kumblavík árið 1925 (Friðrik G. Olgeirsson, 2000, 145). Í fasteignamati frá 1930 segir að baðstofa sé 6,37x3,76m að stærð, öll þiljuð og tíu ára gömul. Hún er tvískipt með torf veggjum og torfbaki. Önnur bæjarhúshús eru framhús, portbyggt með kjallara. Tvö herbergi

eru á neðri hæð, annað alþiljuð stofa. Þrjú herbergi voru á lofti. Húsið er 898x3,76m en kjallarin 3,13x3,13m. Fjós var fyrir tvo nautgripi (Hérþing. PE1-2-5, Kumblavík, nr. 28).

Kumblavík 3280-095

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í túninu, vestan bæjarlækjar og 50m vestur af bæjarhólnum [3280-092] er niðurgröftur eða gryfja.

Lýsing

Niðurgröfturinn er 40-50cm djúpur og 3x2m að utanmáli. Hlutverk er óljóst en niðurgröfturinn er manngerður.



Mynd 99. Niðurgröftur [3280-095] í túninu á Kumblavík. Horft er til suðausturs.

Kumblavík 3280-096

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hætta: Tóft liggur á lækjarbakka og hætta á að hún verði fyrir skemmdum vegna vatnsrofs

Staðhættir

Á austurbakka bæjarlækjarins í Kumblavík er tóft, rétt um 16m norðaustur af bæjarhólnum.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er 5x3,5m að utanmáli og eru grjóthlaðnir veggir grasi grónir. Norðausturendi tóftar er alveg fram á lækjarbakkanum og rennur vatn undir vegghleðslum úr grjóti. Dyr hafa líklega legið til suðurs. Veggir eru 30-80cm háir, lægstir næst læknum.



Mynd 100. Tóft á austurbakka bæjarlækjarins [3280-096]. Horft er til suðvesturs og sést bæjarhóllinn [3280-092] í baksýn.

Kumblavík 3280-097

Hlutverk: Brú

Tegund: Tréverk, hleðsla

Staðhættir


Brú var á bæjarlæknum, ofan eða norðan við tóft [3280-096] og 20m norðaustur af bæjarhólnum.

Lýsing

Brúin var, að minnsta kosti að hluta, byggð úr rekaviði og er um 140cm breið og líklega um 130cm löng. Grjóthleðsla var undir brúarendunum en nánast allt timbur er horfið.



Mynd 101. Brúin [3280-097] yfir bæjarlækinn var byggð úr rekaviði en grjóthleðsla var við brúarendana.



Mynd 102. Yfirlistmynd af austurhluta túnsins í Kumblavík, austan bæjarlækjar sem sést neðst í vinstra horni myndar. Horft er til norðausturs.

Kumblavík 3280-098

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Grjóthrúga

Staðhættir

Á austurbakka Bæjarlækjar, rúmlega 20m norðaustur af bæjarhólnum er ferhyrnd grjóthrúga eða hleðsla.

Lýsing

Grjóthrúgan er regluleg að lögun og í henni nokkuð stórt grjót. Utanmál er 2,5x2m og hæð stærsta steinsins um 50cm. Hlutverk er óvíst en hugsanlega er þetta grunnur eða leifar kofabyggingar.



Mynd 103. Ferhyrnd grjóthrúga [3280-098] eða hleðsla á austurbakka bæjarlækjarins. Horft er til vesturs.

Kumblavík 3280-099

Sérheiti: Lækjarhús

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Fjárhús- og hlöðutóft er 10m austur af Bæjarlæknum og tæpa 40m norðvestur af bæjarhólnum.

Lýsing

Fjárhús með garða og tveimur króm og snýr norðaustur-suðvestur. Fjárhústóftin er

12x7m að utanmáli. Norðaustan og áföst fjárhúsunum er hlöðutóft sem snýr þvert á fjárhúsin og er 18x6,5m að utanmáli. Dyr hafa vitað til suðausturs á báðum húsum. Þeir veggir eru grjóthlaðnir og ekki hefur verið torf á milli. Það sér í hleðslur en veggir annars grónir. Grindin hefur verið úr rekaviði og ein hornstoð er enn standandi í hlöðu. Veggir eru 20-170cm háir, lægstir í fjárhústóftinni. Veggþykkt er 130cm.

Aðrar upplýsingar

Húsin eru merkt á túnakorti Kumblavíkur. Um húsin segir í örnefnaskrá Kumblavíkur (bls. 1) segir „Norðan lækjar á móti bæ voru Lækjarhús, en austarlega í túnjaðrinum voru lambhús á Lambhúshól“.



Mynd 104. Fjárhústóft [3280-099]. Horft er til norðurs.

Kumblavík 3280-100

Hlutverk: Útihús, hesthús?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í norðvesturhorni túnsins í Kumblavík, austan bæjarlækjar er útihúsatóft. Tóftin er 80m norðaustur frá bæjarhólnum [3280-092].

Lýsing

Tóftin snýr austur-vestur og er byggð upp við stóran stein sem er austan við tóftina. Hún er 7x6 m að utanmáli. Grjót er í

veggjum og er einn stór náttúrusteinn í vesturvegg. Veggir annars grasi grónir. Vegg hæð er almennt 20-50cm en austurveggur nær 120cm hæð. Veggþykkt er 130cm. Dyrnar eru við suðvesturhorn tóftar og snúa til suðurs. Stór grjóthella er við innanginn.

Aðrar upplýsingar

Húsin eru merkt á túnakorti Kumblavíkur. Hugsanlega er þetta hesthústóft. Í fasteignamati frá 1930 segir að hesthús sé fyrir fjóra hesta en meðaláhöfn síðustu fimm árin séu þrír hestar (Hérþing. PE1-2-5, Kumblavík, nr. 28).



Mynd 105. Tóft [3280-100]. Horft til austurs.

Kumblavík 3280-101

Sérheiti: Lambhús?

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í norðausturhorni gamla túnsins í Kumblavík er aflöng fjárhústóft með hlöðu. Tóftin er 112m norðaustur af bæjarhólnum [3280-092].

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður og er hlaðan til norðurs en fjárhús með garða til suðurs.

Fjárhúsdyrnar snúa til suðurs. Tóftin er í heild sinni 24x7,5m að utanmáli. Veggir eru grónir en sér í grjóthleðslur í innveggjum og á kafla í útveggjum í hlöðu. Það sér bæði í stoðir og rafta úr þaki og er allt sjáanlegt timbur rekaviður. Að líkindum hefur verið timburpíl til suðurs.

Aðrar upplýsingar

Húsin eru merkt austast í túninu á túnakorti Kumblavíkur og gætu verið Lambhúsin á Lambhúshóli sem nefnd eru í örnefnaskrá Kumblavíkur (bls. 1).



Mynd 106. Horft ofan í fjárhústóftina [3280-101] til suðvesturs.

Kumblavík 3280-102

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Nyrst í gamla túninu í Kumblavík er stök vegghleðsla.

Lýsing

Hleðslan snýr norður-suður og er 7m löng og 1,3m á breidd. Hún er grjóthlaðin en að mestu gróin.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk er óvíst. Engin ummerki eru um að hleðslan hafi verið hluti af stærri tóft sem búið er að rífa og þarna er ekkert merkt á túnakorti.



Mynd 107. Grjóthlaðinn vegghleðsla [3280-102]. Horft er til vesturs.


Kumblavík 3280-103

Hlutverk: Túnahreinsun

Tegund: Grjóthrúga

Staðhættir og lýsing

Nyrst í gamla túninu í Kumblavík er stök vegghleðsla [3280-102] og 12m vestur af henni er grjóthrúga, líklega tilkomin vegna túnahreinsunar.



Mynd 108. Grjóthrúga [3280-103] nyrst í túni í Kumblavík, líklega túnahreinsun. Horft er til vesturs.

Kumblavík 3280-104

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í norðausturhorni túnsins í Kumblavík er tóft tvístæðra fjárhúsa.

Lýsing

Vestari húsin eru stærri eða 12x4m að innanmáli en austari húsin eru 4,5x4m að innanmáli, bæði með gördum. Norðan við er heytóft. Það sér bæði í stoðir og rafta og er allur sjáanlegur viður úr rekavið. Veggir eru að jafnaði 50-80cm en hæstir 100. Veggþykkt er 0,5-130cm.



Mynd 109. Tvístæð fjárhústóft [3280-104], horft til norðvesturs.

Aðrar upplýsingar

Þessi hús eru ekki merkt á túnakorti og eru utan gamla túnsins miðað við það. Því má gera ráð fyrir að þau hafi verið reist einhvern tíma um eða eftir 1920.

Kumblavík 3280-105

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í norðausturhorni túnsins í Kumblavík er tóft tvístæðra fjárhúsa [3280-104] og 8m vestan þeirra er lítil tóft, líklega heytóft.

Lýsing

Tóftin er 3,5x3m að utanmáli og liggur norður-suður. Hún er gróin og regluleg að lögun. Veggir 20-30cm háir og veggþykkt 40-50cm.



Mynd 110. Heytóft [3280-105] nyrst í túni í Kumblavík, í baksýn sést í fjárhústóft [3280-104]. Horft er til suðausturs

Kumblavík 3280-106

Hlutverk: Túnahreinsun

Tegund: Grjóthrúga

Staðhættir

Í norðausturhorni túnsins í Kumblavík er tóft tvístæðra fjárhúsa [3280-104] og 8m vestan þeirra er lítil tóft [3280-105] vestan hennar er grjóthrúga, líklega eftir túnahreinsun.

Lýsing

Grjóthrúgan er 4x2,5m að ummáli og hæð hennar er mest 30cm.



Mynd 111. Túnahreinsun [3280-106]. Horft er til austurs og sér í fjárhústóft [3280-101].

Kumblavík 3280-107

Hlutverk: Íshús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austast í Kumblavíkurtúninu, rétt austan við útmörk gamla túnsins er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður og er 14x5m að utanmáli. Hún er að hluta niðurgrafin og virðist hafa verið inngangur að ofan, eða norðan. Veggir eru grjóthlaðnir og glittir í hleðslur en tóftin annars grasi gróin. Veggir eru 80-130cm háir að innan en mest um 60cm að utan. Veggþykkt er 130cm. Ein hornstoð, úr rekavið, sést í tóftinni.



Mynd 112. Tóft [3280-107]. Horft til suðurs.

Aðrar upplýsingar

Þetta er líklega íshús sem getið er í fasteignamati frá 1930. Þar sagt 12,55x5,02m að utanmáli, hlaðið úr torfi (Hérþing. PE1-2-5, Kumblavík, nr. 28).

Kumblavík 3280-108

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinalögn

Staðhættir

Austast í Kumblavíkurtúninu, rétt austan við útmörk gamla túnsins er tóft [3280-107] og við suðausturhorn hennar er steinalögn.

Lýsing

Steinalögnin myndar ferhyrning sem stendur um 10-15cm hærra en umhverfið. Hún er 2x1,5m að



Mynd 113. Steinalögn [3280-108]. Horft er til austurs.

utanmáli og liggur norðvestur-suðaustur. Flestir steinarnir eru fremur litlir en innan um eru einstaka stærri steinar.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk er óljóst en þetta er greinilega manngert.

Kumblavík 3280-109

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Staðhættir

Lækur rennur austan við túnið í Kumblavík og austan hans er tóft.

Lýsing

Tóftin er um átta metra austur af læknum sem rennur austan túns og er 4x3m að utanmáli. Veggir eru 30-70cm háir en erfitt er að meta veggjarþykkt vegna hruns. Veggir eru þýfðir og á þeim mikil

sina sem gerir túlkun erfiða. Til suðurs frá tóftinni er rás sem liggur að læknum sem gæti bent til að um myllu sé að ræða en engin rás sást að tóftinni ofan frá og því ekki hægt að fullyrða það. Auk þess er þarna fremur flatt og því lítil sem engin fallhæð.



Mynd 114. Tóft [3280-109]. Horft til suðurs.

Kumblavík 3280-110

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Niðurgroftur

Hættumat: Mikil hætta, þarna gætir landbrots af völdum sjávar

Staðhættir

Á sjávarbakknum upp af Kumblavík, austan við syðsta hluta gamla túnsins er mógröf.

Lýsing


Mógröfin liggur alveg fram á sjávarbakkann og er um 380m² að stærð. Hún er vel greinanleg og mesta dýpt er 120cm.

Aðrar upplýsingar

Mógrafirnar eru hluti af umfangsmeira mógrafarsvæði sem sést á loftmynd (sjá mynd 118). Svæðið var teiknað upp eftir loftmyndinni og er um 6500m². Mögulegt er að mógrafarsvæðið hafi náð lengra til austurs en þar sem einnig er mýri, en útlínur á loftmyndinni eru ekki eins skýrar þar.



Mynd 115. Mógrafir [3280-110] á sjávarbakknum upp af Kumblavík. Horft er til vesturs. Á myndinni sést hvernig brýtur af sjávarbakknum og eru mógrafirnar í hættu vegna landbrots.



Mynd 116. Mógrafir [3280-110] eru að hluta til komnar í tún (AMS36-1-1-002).

Kumblavík 3280-111

Hlutverk: Vörslugarður (girðing)

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta, garðlagið nær fram á sjávarbakka þar sem landbrots gætir

Staðhættir

Austan við túnið í Kumblavík og austan lækjar er garðlag undan girðingu.

Lýsing

Garðlagið er 115m langt, 30-40cm hátt og 40cm breitt.

Kumblavík 3280-122

Hlutverk: Vörslugarður (girðing)


Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Ofan við túnið í Kumblavík er garðlag undan girðingu.

Lýsing

Garðlagið liggur þvert á brekku frá austri til vesturs. Það er alls 350m langt 40 cm breitt og 10-40cm hátt.



Mynd 117. Mögulegar beðasléttur [3280-123] ofan lækjar á mynd. Neðst er bæjarhóllinn [3280-092] og til hægri Lækjarhúsin [3280-99]

Kumblavík 3280-123

Hlutverk: Óþekkt, beðasléttur

Tegund: Hryggir

Staðhættir

Austan við bæjarlækinn, 40m norður af bæjarhólnum [3280-092] eru aflangir hryggir í túnjaðri gamla túnsins.

Lýsing

Hryggirnir eru aflangir og liggja hlið við hlið, frá austri til vesturs. Þær ná yfir svæði sem er 45x20m að stærð. Hryggirnir voru ógreinilegir á vettvangi og voru skráðir af ljósmynd og því erfitt að fullyrða um hlutverk en mögulega eru þetta beðasléttur eða ummerki um framræslu.

Kumblavík 3280-112

Hlutverk: Óþekkt, fiskiskemma?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á austurbakka bæjarlækjarins og 12m ofan sjávarbakkans er lítil tóft við stein.

Lýsing

Tóftin er algróin, 2,5x2m að utanmáli og hafa dyr snúið til suðausturs. Veggir eru 30-40cm háir og 60cm breiðir.

Aðrar upplýsingar

Í örefnaskrá Kumblavíkur (bls. 1) er getið um fiskiskemmu og segir „Norðaustan við lækinn var fiskiskemma, og ofan við hana heitir Mýri. Þar voru dýjaveitur og lindar, sem nú er orðið að túni.“ Þessi lýsing norðaustan við lækinn er nokkuð óljós og því erfitt að átta sig á því hvar þessi fiskiskemma hefur staðið en norðan og austan við tóft [3280-112] eru ummerki um framræslu og ljóst að þar hefur verið mýri. Staðsetningin gæti því passað en verður ekki fullyrt.



Mynd 118. Tóft [3280-112] á austurbakka bæjarlækjarins. Horft er upp eftir læknum til norðvesturs.

Kumblavík 3280-113

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Niðurgröftur

Hættumat: Mikil hætta vegna landbrots en þegar hefur brotið af sjávarbakkanum.

Staðhættir

Austan við bæjarlækinn í Kumblavík, frá tóftum Lækjarhúsa [3280-099] í norðri og suður að sjávarbakkanum eru fjórir handgravnir skurðir.

Lýsing

Skurðirnir eru tengdir og því skráðir hér sem hluti af einni heild. Þeir hafa verið grafnir til þess að ræsa fram mýrina sem þarna var, en á þessu svæði voru áður mógrafir. Svæðið er um 0,24 hektarar að stærð. Tveir skurðir liggja frá norðnorðvestri til suðsuðausturs og fjórir skurðir eru á milli þeirra og liggja nokkurn veginn frá austri til vesturs. Skurðirnir eru í heild 270m langir.



Mynd 119. Horft eftir einum skurðanna [3280-113] til suðsuðaustur í átt að sjó.

Kumblavík 3280-114

Hlutverk: Óþekkt, matjurtagarður

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Mikil hætta, minjarnar ná fram á sjávarbakka þar sem landbrots gætir

Staðhættir

Á sjávarbakkanum í Kumblavík, austan lækjar er hleðsla sem afmarkar 11x11m stórt ferkantað svæði.

Lýsing

Hleðslan er um 40cm breið og 20-30cm

há og grasi gróin. Svæðið sem hún afmarkar er ferhyrnt en enginn hleðsla er meðfram sjávarbakkanum að sunnan. Innan svæðisins er stakur veggur 10-15cm hár og sex metra langur. Vestan við hann eru svo ferhyrndar þúfur og ferköntuð hola 60x50cm að utanmáli.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk er óvíst en þarna gæti hafa verið matjurtagarður eftir svæðið var ræst fram. Þess má geta að í fasteignamati frá 1930 er ekki getið um matjurtagarða og garðurinn því væntanlega frá því eftir það (Hérþing. PE1-2-5, Kumblavík, nr. 28).



Mynd 120. Hleðsla [3280-114]. Horft er til suðausturs.



Mynd 121. Hjallur [3280-115] á sjávarbakkanum við Kumblavík. Horft er til suðausturs.

Kumblavík 3280-115

Hlutverk: Hjallur, bátaspil?

Tegund: Tréverk

Hættumat: Mikil hætta, er á sjávarbakka þar sem landbrots gætir

Staðhættir

Á sjávarbakkanum, tæplega 20m austur af bæjarlæknum eru fjórir uppistandandi raftar, hugsanlega leifar af þurrkhjalli eða bátaspili.

Lýsing

Raftarnir eru 80-90cm háir. Umhverfis

þá og á milli þeirra liggur meiri viður sem hefur verið hluti af mannvirkinu, hugsanlega einfalt þak. Innan við metri er á milli raftanna. Brotið er framan af sjávarbakkanum og hefur því staðið fjær sjó og jafnvel verið stærra þó ekki verði fullyrt um það.

Kumblavík 3280-116

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgroftur, steinsteypa

Staðhættir



Um 3m frá sjávarbakkanum og rúmlega 10m austur af bæjarlæknum er steyppt gryfja.

Lýsing

Gryfjan er ferhyrnd með steypum veggjum og er töluvert af sjávarmöl í steypunni. Við hliðina er önnur gryfja og í henni tunna úr járni. Lengd er um tveir metrar frá vestri til austurs og breidd um metri. Dýptin er 70-80cm.



Mynd 122. Steyppt gryfja og járntunna [3280-116]. Horft til norðurs.



Mynd 123. Stekkjartóftir [3280-117 og 118]. Horft er til suðvesturs. Ofarlega til hægri á mynd sést túnið í Kumblavík.

Kumblavík 3280-117

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestur undir Kumbli, malarhöfði um 320m austur af bæ eru tóftir, líklega tvær stekkjartóftir.

Lýsing

Nyrðri tóftin er líklega yngri og er suður langveggur hennar byggður ofan á norður langvegg eldri tóftarinnar. Tóftin er tvískipt, 6x3,5m að utanmáli og snýr nánast austur-vestur og er króin til austurs en réttin til vesturs. Innangengt hefur verið á milli og hlið á réttinni til vesturs. Veggir eru 30-50cm háir og 50-80cm breiðir. Tóftin er gróin en grjót sést í veggjum á stöku stað. Undir minjunum er nokkur hóll sem bendir til þess að byggt sé á eldri minjum.

Kumblavík 3280-118

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Vestur undir Kumbli, 320m austur af bæ eru tóftir, líklega tvær stekkjartóftir.

Lýsing

Syðri tóftin er líklega eldri og er suðurveggur yngri tóftar að hluta byggður á norðurvegg hennar. Tóftin snýr nálega austur-vestur og er 8x5m að utanmáli. Lambakróin er til vesturs en réttin til austurs og hefur verið hlið á henni til suðurs. Veggir eru 10-30cm háir og 50-80cm breiðir. Þeir eru að mestu grónir en sér í einstaka stein í veggjum.

Kumblavík 3280-119

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á svæðinu norðaustan og austan við Kumblið og Kumblavötn eru Kumblavíkurdalir. Í einum þeirra, hugsanlega Stekkjardal eru þrjár heytóftir.

Lýsing

Tóft er austan undir gróinni melbrekku. Hún snýr austur-vestur og er 4,5x3m að utanmáli.

Hún er algróin, veggir 20-40cm háir og 40-50cm breiðir.



Mynd 124. Heytóft [3280-119]. Horft til norðausturs.

Kumblavík 3280-120

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á svæðinu norðaustan og austan við Kumblið og Kumblavötn eru Kumblavíkurdalir. Í einum þeirra, hugsanlega Stekkjardal eru þrjár heytóftir.

Lýsing

Á tungu, á milli tveggja smá dala, er heytóft sem snýr norðvestur-suðaustur og er 5x3m að utanmáli. Tóftin er lyngi vaxin og virðist gömul. Veggir eru 10-30cm háir og eru hlutir þeirra rofnir.



Mynd 125. Heytóft [3280-120]. Horft er til suðausturs.

Kumblavík 3280-121

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á svæðinu norðaustan og austan við Kumblið og Kumblavötn eru Kumblavíkurdalir. Í einum þeirra, hugsanlega Stekkjardal eru þrjár heytóftir.

Lýsing

Heytóftin snýr norðvestur-suðaustur og er 5,5x3,5m að utanmáli. Hún er vel greinileg, gróin sinu og mosa og nokkuð þýfð. Veggjahæð er 20-50cm.



Mynd 126. Heytóft [3280-121]. Horft er til suðausturs.

Kumblavík 3280-139

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á svæðinu norðaustan og austan við Kumblið og Kumblavötn eru Kumblavíkurdalir. Efst í einum þeirra, hugsanlega Stekkjardal er heytóft.

Lýsing

Heytóftin snýr nokkurn veginn austur-vestur og er 5x3m að utanmáli. Hún er vel greinileg en veggir orðnir að stórum þúfum, 20-50cm háum.



Mynd 127. Heytóft [3280-139]. Horft er til suðausturs.

Kumblavík 3280-140

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á svæðinu norðaustan og austan við Kumblið og Kumblavötn eru grónir dalir, Kumblavíkurdalir. Efst í einum þessara dala, hugsanlega Húsdal, eru heytóftir.

Lýsing

Heytóft, um 4x4m að utanmáli. Gróin og stæðileg tóft. Veggjahæð 30-60cm og veggbreidd er 50cm.



Mynd 128. Heytóft [3280-140]. Horft er til vesturs.

Kumblavík 3280-141

Hlutverk: Heytóft?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á svæðinu norðaustan og austan við Kumblið og Kumblavötn eru grónir dalir, Kumblavíkurdalir. Efst í einum þessara dala, hugsanlega Húsdal eru heytóftir.

Lýsing

Tóftin virðist þrí- eða fjórskipt og líkist ekki hinum heytóftunum á svæðinu.

Veggir eru sinugrónir og með smá lyngi,

þýfðir og samлагаðir umhverfi sínu. Þeir eru að jafnaði um 40cm háir en 60cm þar sem þeir eru hæstir. Veggbreidd er tæpur metri. Veggir eru nánast algrónir en sér einn stein í hleðslu. Austasta og stærsta hólfið er greinilegast. Tóftin er 6x7m að utanmáli og hugsanlega lítið hólf suðvestan við sem er um 3m í þvermál.

Aðrar upplýsingar

Hugsanlega eru þarna nokkrar heytóftir saman og getur verið að þær séu frá ólíkum tímabilum þar sem þær eru misgreinilegar.



Mynd 129. Tóft [3280-141]. Horft er til suðsuðausturs.

Kumblavík 3280-142

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á svæðinu norðaustan og austan við Kumblið og Kumblavötn eru grónir dalir, Kumblavíkurdalir. Efst í einum þessara dala, hugsanlega Húsdal eru heytóftir. Rúmlega 5m vestur af tóft [3280-141] er heytóft.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er

5x3m að utanmáli. Hún er algróin grasi og vel greinileg en veggir byrjaðir að verða þýfðir. Þeir eru 40-60cm háir en veggur mót norðvestri er nokkuð hruninn. Veggbreidd er tæpur metri.



Mynd 130. Heytóft [3280-142]. Horft til suðvesturs.

Kumblavík 3280-143

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á svæðinu norðaustan og austan við Kumblið og Kumblavötn eru grónir dalir, Kumblavíkurdalir. Austanvert og ofarlega í dal, hugsanlega Húsdal eru heytóftir.

Lýsing

Tvískipt heytóft sem liggur austur-vestur og er 4x2,5m að utanmáli. Veggir 10-30cm háir og 40cm breiðir. Tóftin er algróin sinu, mosa og lyngi. Austari hlutinn er hærri og hugsanlegt að hann sé yngri.

Aðrar upplýsingar

Tóftin er 2,5m sunnan við tóft [3280-144].



Mynd 131. Heytóft [3280-143]. Horft er til norðvesturs.

Kumblavík 3280-144

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á svæðinu norðaustan og austan við Kumblið og Kumblavötn eru grónir dalir, Kumblavíkurdalir. Austanvert og ofarlega í dal, hugsanlega Húsdal eru heytóftir.

Lýsing

Heytóft, um 3m að þvermáli. Engar innbrúnir greinanlegar. Hæð að utan er 30-40cm. Hún er algróin grasi.

Aðrar upplýsingar

Tóftin er 2,5m norðan við tóft [3280-143].



Mynd 132. Heytóft [3280-144], horft til vesturs.

Kumblavík 3280-145

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á svæðinu norðaustan og austan við Kumblið og Kumblavötn eru grónir dalir, Kumblavíkurdalir. Austanvert og ofarlega í dal, hugsanlega Húsdal eru heytóftir.

Lýsing

Heytóft, snýr austnorðaustur-vestsuðvestur og er 3,5x2m að utanmáli. Hún er sinugróin, vel greinanleg en veggir að hlaupa í þúfur. Þeir eru 30-60cm háir og 50cm breiðir.



Mynd 133. Horft til norðausturs eftir heytóft [3280-145].



Mynd 134. Varða [3280-0]. Horft er til norðvesturs.

Kumblavík 3280-146

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Á svæðinu norðaustan og austan við Kumblið og Kumblavötn eru Kumblavíkurdalir. Austan við Húsdal og Húsdalskeldu er varða uppi á melhól.

Lýsing

Varðan er stæðileg og ágætlega hlaðin. Hún stendur á stórum steini og er 150cm há en grunnmál er um 80x80cm.

Kumblavík 3280-147

Hlutverk: Brú

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Á svæðinu norðaustan og austan við Kumblið og Kumblavötn eru Kumblavíkurdalir. Neðarlega í þeim lágu göturnar milli Kumblavíkur og Skála.

Lýsing


Í svonefndum Húsadal liggur upphlaðin brú yfir keldu. Brúin liggur frá austri til vesturs og nær á milli tveggja holta sem eru sitthvoru megin keldunnar. Hún er 55m löng og 3m á breidd. Þetta er líklega brú sem gerð var 1850 eða 1851 og getið er í heimild hér að neðan.



Mynd 135. Upphlaðin brú [3280-147], líklega yfir Húsdalskeldu. Horft er til suðvesturs.

Aðrar upplýsingar

„Loks var gerð brú yfir Húsdalskeldu á leiðinni milli Skála og Kumblavíkur og önnur í klifinu milli Höfða og Skoruvíkur.“ (Friðrik G. Olgeirsson, 1998, bls. 265).



Mynd 136. Tóft [3280-130] er á hólnum, fast við bjargbrúnina. Rof sést í gróðurþekjunni og er tóftin í hættu af þeim sökum. Horft er til norðvesturs.

Kumblavík 3280-130

Hlutverk: Stekkur, beitarhús?

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna vindrofs og landbrots

Staðhættir

Á bjargbrún, tæplega 1,7km austnorðaustur af bæjartóftum í Kumblavík, er tóft.

Lýsing

Tóftin liggur samsíða sjávarbakkanum frá suðvestri til norðausturs. Hún er tvískipt, 11x5m að utanmáli. Dyr hafa snúið til norðausturs en óvíst er hvort innangengt var á milli hólfa. Veggir eru 20-60cm háir og metri á breidd. Tóftin er grasi gróin og veggir að nokkru þýfðir en sér í grjóthleðslur á nokkrum stöðum, mest þrjár raðir af steinum. Tóftin er á dálitlum hól, væntanlega byggð á eldri minjum og norðan og norðaustan við eru mögulega veggjaleifar eldri minja.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Kumblavíkur (bls. 3) segir „Austur úr þeim er löng dalskora, sem heitir Langahlíð, og niður af henni heitir Húsdalur. Inn og sunnan hans, norðaustur af bæ, er Húsdalshöfði. Vestan hans er Stekkjardalur. Í honum miðjum var Stekkur“. Tóftin er mögulega neðst í dal þeim sem kallaður er Húsdalur en lýsingar í örnefnaskrá á staðsetningu dalanna eru afar óljósar. Útlit tóftar minnir fremur á stekkjartóft en fjarlægð frá bæ í Kumblavík er 1,5km og því í allra lengsta lagi fyrir stekk. Húsdalsnafnið bendir frekar til þess að um beitarhús sé að ræða.

Óstaðsettar minjar

Kumblavík 3280-093

Hlutverk: Hjallur

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Bæjarhóllinn í Kumblavík er á sjávarbakkanum, vestan bæjarlækjar en útihús voru flest austan lækjarins. Í örnefnaskrá Kumblavíkur (bls. 1) er getið um hjall og fjárhús: „Norðan við bæinn er hóll, sem heitir Grindahóll. Þar var grindahús til að þurrka sjófang. Grindahús voru eins konar hjallar með rimlum. Var loft í þeim, og gólfið í loftinu einnig úr rimlum. Þurrkað var og geymt á loftinu“.

Lýsing

Enginn hóll er norður af bænum og óvíst hvar hjallurinn hefur staðið.

Kumblavík 3280-094

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir

Bæjarhóllinn í Kumblavík er á sjávarbakkanum, vestan bæjarlækjar en útihús voru flest austan lækjarins. Úr örnefnaskrá Kumblavíkur (bls. 1): „Norðan við bæinn er hóll, sem heitir Grindahóll. Þar var grindahús til að þurrka sjófang. Grindahús voru eins konar hjallar með rimlum. Var loft í þeim, og gólfið í loftinu einnig úr rimlum. Þurrkar var og geymt á loftinu. Nyrst í hólnum voru svo fjárhúsin“.

Lýsing

Enginn hóll er norður af bæjarhólnum og óvíst hvar hjallurinn og fjárhúsin hafa staðið en fjöldi fjárhúsa er í túninu austan bæjarlækjar.

Kumblavík 3280-124

Hlutverk: Lending

Tegund: Heimild

Staðhættir

Heimræði var frá Kumblavík þótt lending væri ekki góð. Ekki hafa fundist heimildir um hvar lendingin var nákvæmlega en líklega hefur hún verið framan við túnið, hugsanlega austan við ós bæjarlækjarins.

Kumblavík 3280-125

Sérheiti: Þrívörður

Hlutverk: Kennimark, huldufólksbústaður

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Kumblavíkur (bls. 2-3) segir „Upp af Berglinu fyrirnefnda heitir Bergstjörn. Þar ofar er hryggur. Á honum voru beitarhús. Þar ofar eru smá hnjúkar og hólar. Sá austasti þeirra er mjög hár og klettóttur og heitir Þrívörðuhóll. Þessi hóll var gamalt hákarlamið, og þar var huldufólksbústaður“.

Lýsing

Ekki var gengið á Þrívörðuhól sumarið 2024.

Kumblavík 3280-126

Sérheiti: Sandhaugur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Skála frá 1966 (bls. 3) segir „Norðaustur af Engjadal er Sandhaugsvatn, og við það Sandhaugur. Sandhaugsvatnið er kringlótt og urð allt í kring um það. Sagt er, að skip með rá og reiða sé grafið í Sandhaug“.

Aðrar upplýsingar

Ekki var gengið á Sandhaug sumarið 2024.

Kumblavík 3280-132

Sérheiti: Stekkur

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Heimild


Staðhættir

Í örnefnaskrá Kumblavíkur (bls. 3) segir „Austur úr þeim er löng dalskora, sem heitir Langahlíð, og niður af henni heitir Húsdalur. Inn og sunnan hans, norðaustur af bæ, er Húsdalshöfði. Vestan hans er Stekkjardalur. Í honum miðjum var Stekkur“.

Lýsing

Ekki fannst stekkjartóft á því svæði sem lýsingin í örnefnaskrá virðist eiga við en hún er afar óljós. Það gæti verið að tóft [3280-130] sem skráð er sem beitarhúsatóft sé umrædd stekkjartóft.

Minjar sem ná yfir fleiri en eina jörð



Mynd 137. Yfirlitsmynd sem sýnir leiðir á milli bæja. Frá Hrollaugsstöðum að Eiði [gul, 3280-134], að Heiði [blá, 3280-135] og að Selvík, Kumblavík og síðan áfram til Skála [græn, 3280-133]. Akvegurinn frá Heiðarfjalli [hvítur, 3280-131] að Hrollaugsstöðum var einnig skráður en hann telst ekki til fornleifa samkvæmt lögum. Áætluð landamerki jarðanna eru merk með hvítu brotalínu.


Hrollaugsstöðir 3280-131

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur

Staðhættir og lýsing

Vegslóði liggur til norðausturs, frá veginum upp á Heiðarfjall, og að Bæjartjörnum. Þar liggur hann í boga norður fyrir neðstu tjörnina og síðan til suðurs að yngra bæjarstæðinu [3280-014] á Hrollaugsstöðum. Heildarlengd vegarins, frá Hrollaugsstöðum og að veginum upp á



Mynd 138. Vegurinn [3280-131] að Hrollaugsstöðum endar við yngra bæjarstæðið. Hér sést hvernig hann liggur til norðausturs frá bæjarstæðinu og síðan norðurs vestan við Kleifarhnaus (efst til hægri).

Heiðarfjall er 3,8km. Þessi vegur liggur að hluta til á eldri leið, heiman frá bænum og upp að Heiðarfjalli (Magnús Vilhjálmsson, 05.01.25).

Aðrar upplýsingar

Samgöngur að Hrollaugsstöðum voru erfiðar en 1954 var lagður þangað vegur í tengslum gerð ratsjárstöðvar á Heiðarfjalli og uppbyggður vegur kom árið 1960 (Friðrik G. Olgeirsson, 1998, bls. 265 og 338).

Hrollaugsstaðir, Kumblavík, Skálar 3280-133

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Leiðin á milli Hrollaugsstaða og Skála lá að mestu meðfram ströndinni og þar er nú merkt gönguleið sem fylgir gömlu götunum líklega að mestu leyti. Fáar vörður eru á þessari leið en ein brú var skráð, sem væntanlega er yfir svokallaða Húsdalskeldu. Göturnar voru að hluta skráðar á vettvangi og að hluta af loftmynd og sjást þær víðast ágætlega. Heildarlengd uppmældra gatna, frá Hrollaugsstöðum að Skálum, er 9,8km.

Aðrar upplýsingar

„Austurströnd Langaness var mun erfiðari yfirferðar en norðurströndin því hún er hálendari. Frá Skálum var farið með ströndinni til Kumblavíkur, löng og erfið leið, og svo áfram að Hrollaugsstöðum. Þaðan mátti bæði fara norður með austanverðu Heiðarfjalli yfir nesið að Heiði og upp á Hrollaugsstaðafjall, um Kálfshvamm við austurenda Heiðarfjalls að Eiði. Þóttu leiðir þessar langar og erfiðar.“ (Friðrik G. Olgeirsson, 1998, bls. 264).

Hrollaugsstaðir, Eiði 3280-134

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Leiðin frá Hrollaugsstöðum að Eiði eftir Hrollaugsstaðafjalli og um Kálfshvamm. Þegar færð var góð var farið beint upp frá bænum, upp á brekkunar, upp stallana sem þar eru, síðan suður með Hrollaugsstaðafjalli. Ofan í Kálfshvamminn var sneiðingur og síðan haldið áfram inn að Eiði. Á veturna var farið norður frá bænum eins og vegurinn liggur í dag, upp á milli Bæjartjarnanna og þaðan út á Hrollaugsstaðafjallið (Magnús Vilhjálmsson, 05.01.25).

Aðrar upplýsingar

„Austurströnd Langaness var mun erfiðari yfirferðar en norðurströndin því hún er hálendari. Frá Skálum var farið með ströndinni til Kumblavíkur, löng og erfið leið, og svo áfram að Hrollaugsstöðum. Þaðan mátti bæði fara norður með austanverðu Heiðarfjalli yfir nesið að Heiði og upp á Hrollaugsstaðafjall, um Kálfshvamm við austurenda Heiðarfjalls að Eiði. Þóttu leiðir þessar langar og erfiðar. [...] Næstu árin héldu þessar framkvæmdir áfram og einnig var byrjað að varða sumar leiðir, ryðja grýttustu vegina, eins og t.d. Kálfshvamm milli Hrollaugsstaða og Eiðis, og brúa ár “ (Friðrik G. Olgeirsson, 1998, bls. 264-265). Í örnefnaskrá Hrollaugsstaða (bls. 3) segir „Leiðin hér um milli bæjanna lá stundum um Kálfshvamm, og þótti það frekar slæmur fjallvegur“.

Hrollaugsstaðir, Heiði 3280-135

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir og lýsing

Leiðin að Heiði lá líklega fyrst á sama stað eða í námunda við núverandi veg frá Hrollaugsstöðum og upp að Bæjartjörnum. Framhald leiðarinnar var skráð af loftmynd og því getur einhverju skeikað. Frá Bæjartjörnum liggur leiðin til vesturs og síðan suðvesturs, suður fyrir Hamravatn og á henni eru að minnsta kosti tvær upphlaðnar brýr, önnur fast sunnan við Hamravatnið. Þessar brýr eru mögulega þær sem getið er í heimild hér að neðan. Frá suðurenda Hamravatns sjást tvær götur sem báðar liggja til vesturs í átt að Heiði. Líklega var það efri leiðin sem voru aðal göturnar en báðar voru teiknaðar upp af loftmynd.

Aðrar upplýsingar

„Austurströnd Langaness var mun erfiðari yfirferðar en norðurströndin því hún er hálendari. Frá Skálum var farið með ströndinni til Kumblavíkur, löng og erfið leið, og svo áfram að Hrollaugsstöðum. Þaðan mátti bæði fara norður með austanverðu Heiðarfjalli yfir nesið að Heiði og upp á Hrollaugsstaðafjall, um Kálfshvamm við austurenda Heiðarfjalls að Eiði. Þóttu leiðir þessar langar og erfiðar.“ (Friðrik G. Olgeirsson, 1998, bls. 264). Í viðbótum við örnefnaskrá Hrollaugsstaða frá 2009 (bls. 1) segir „Stutt ofan við Bæjartjarnir er Brattabrekka. Göturnar á milli Hrollaugsstaða og Heiðar lágu um þessa brekku“. Frá árinu 1827 og fram yfir miðja 19. öld var farið í ýmsar vegabætur á utanverðu Langanesi. Um þær er getið í I. bindi Langnesinga sögu: „Á milli Eiðis og Heiðar voru keldur brúaaðar og einnig svokölluð Austurvatskelda á leiðinni frá Heiði til Hrollaugsstaða [...] Austur yfir Hrollaugsstaðheiði var ruddur vegur og tvær brýr endurnýjaðar.“ (Friðrik G. Olgeirsson, 1998, bls. 265).

Hrollaugsstaðir, Heiði 3280-136

Hlutverk: Brú

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Leiðin frá Hrollaugsstöðum að Heiði var skráð af loftmynd. Á henni sást tvær upphlaðnar brýr og er önnur þeirra fast sunnan við Hamravatn, rúmlega 1,4km vestur af yngra bæjarstæðinu [3280-014] á Hrollaugsstöðum.

Lýsing

Brúin er 75m á lengd og 4m þar sem hún er breiðust. Hún liggur fyrst frá vestri til austurs en beygir svo til suðausturs. Hún er vel greinileg á loftmynd.

Aðrar upplýsingar

Frá árinu 1827 og fram yfir miðja 19. öld var farið í ýmsar vegabætur á utanverðu Langanesi. Um þær er getið í I. bindi Langnesinga sögu: „Á milli Eiðis og Heiðar voru keldur brúaaðar og einnig svokölluð Austurvatskelda á leiðinni frá Heiði til Hrollaugsstaða. [...] Austur yfir

Hrollaugsstaðheiði var ruddur vegur og tvær brýr endurnýjaðar.“ (Friðrik G. Olgeirsson, 1998, bls. 265).

Hrollaugsstaðir, Heiði 3280-137

Hlutverk: Brú

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Leiðin frá Hrollaugsstöðum að Heiði var skráð af loftmynd. Á henni sást tvær upphlaðnar brýr og er önnur [3280-136] þeirra fast sunnan við Hamravatn og hin [3280-137] sunnan við vestustu Bæjartjörnina. Hún er rétt um 1km norðvestur frá yngra [3280-014] bæjarstæðinu á Hrollaugsstöðum.

Lýsing

Brúin liggur frá vestri til austurs en vesturendinn er sokkinn í mýri. Hún er 20m á lengd og 2m á breidd og vel greinileg á loftmynd. Brúin gæti verið frá því um miðja 19. öld sbr. heimildir hér að neðan.

Aðrar upplýsingar

Frá árinu 1827 og fram yfir miðja 19. öld var farið í ýmsar vegabætur á utanverðu Langanesi. Um þær er getið í I. bindi Langnesinga sögu: „Á milli Eiðis og Heiðar voru keldur brúaaðar og einnig svokölluð Austurvatnskelda á leiðinni frá Heiði til Hrollaugsstaða. [...] Austur yfir Hrollaugsstaðheiði var ruddur vegur og tvær brýr endurnýjaðar.“ (Friðrik G. Olgeirsson, 1998, bls. 265).

Samantekt

Alls voru 147 minjar skráðar í landi Hrollaugsstaða og Kumblavíkur (með hjáleigunni Selvík).

Tafla 1 sýnir yfirlit yfir fjölda minja á hverri jörð.

Tafla 1. Yfirlit yfir fjölda skráðra minja á Hrollaugsstöðum, Selvík og Kumblavík.

Jörð	Heildarfjöldi	Skráðar á vettvangi	Óstaðsettar
Hrollaugsstaðir	70	68	2
Selvík (hjáleiga)	7	7	---
Kumblavík	70	64	4
Samtals	147	139	6

Flestar eru minjarnar vel varðveittar búsetuleifar frá 19. – 20. öld, en landþröng veldur því að byggingar hafa verið endurbyggðar á sama stað um aldir og því eru leifar eldri minja horfnar undir yngri byggingar. Þó eru nokkrar minjar sem standa á upphækkunum, t.a.m. bæjartóftirnar á Hrollaugsstöðum og Kumblavík, og má vænta þess að í þeim sé að finna leifar eldri byggðar. Einnig er mikill fjöldi heytófta og grjóthleðsla í úthögum sem gætu verið eldri. Í töflu 2 er yfirlit yfir ástand skráðra minja.

Tafla 2. Ástand minja er flokkað í fjóra flokka skv. stöðlum Minjastofnunar Íslands. Minjar sem ekki fundust á vettvangi eru skráðar sem ómetnar.

Heilleg	Vel greinanlegar	Greinanlegar	Ómetið
4	111	25	7

Alls voru 19 minjar metnar í hættu eða mikilli hættu og var það í öllum tilvikum vegna landbrots, oftast að völdum sjávar en í einu tilviki af völdum vatnsfalls. Ein tóft var bæði í hættu vegna landbrots og vindrofs.

Tafla 3. Hættumat minja er flokkað í þrjá flokka skv. stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Nr.	Jörð	Tegund	Hlutverk	Hættumat	Hættuorsök
3280-001	Hrollaugsstaðir	tóft, hóll	híbýli, bæjarhóll	mikil hætta	landbrot
3280-003	Hrollaugsstaðir	tóft	skemma	hætta	landbrot
3280-012	Hrollaugsstaðir	garðlag	matjurtagarður, skjólgarður	hætta	landbrot
3280-020	Hrollaugsstaðir	niðurgröftur	mógrafir	hætta	landbrot
3280-032	Hrollaugsstaðir	tóft	óþekkt	hætta	landbrot
3280-034	Hrollaugsstaðir	þúst	óþekkt	hætta	landbrot
3280-059	Hrollaugsstaðir	tóft	sel	hætta	landbrot
3280-064	Kumblavík	tóft	híbýli	hætta	landbrot
3280-066	Kumblavík	garðlag	túngarður	mikil hætta	landbrot
3280-067	Kumblavík	tóft	óþekkt	hætta	landbrot
3280-070	Kumblavík	tóft	óþekkt	hætta	landbrot
3280-083	Kumblavík	tóft	mótóft	hætta	landbrot

3280-092	Kumblavík	tóft, hóll	híbyli, bæjarhóll	hætta	landbrot
3280-096	Kumblavík	tóft	óþekkt	hætta	landbrot
3280-110	Kumblavík	niðurgröftur	mógrafir	mikil hætta	landbrot
3280-113	Kumblavík	niðurgröftur	framræsla	mikil hætta	landbrot
3280-114	Kumblavík	hleðsla	óþekkt, matjurtagarður	mikil hætta	landbrot
3280-115	Kumblavík	tréverk	tóft	mikil hætta	landbrot
3280-130	Kumblavík	tóft	beitarhús	hætta	landbrot

Hrollaugsstaðir

Bæjarstæði Hrollaugsstaða er austan undir Hrollaugsstaðafjalli. Alls voru 70 minjar skráðar, þar af fannst 68 á vettvangi en tvær minjar, kvíar og torftökusvæði, voru skráð eftir heimildum. Minjarnar eru dæmigerðar búsetuminjar frá 19. og 20. öld og vitna um búskap og landnýtingu á lítilli og fremur afskekktu jörð. Í og við tún voru leifar bæjartófta, búpeningshúsa og mótekju en utan túns voru leifar stekkja og ummerki um landnýtingu, mógrafir, mótóftir og heytóftir á engjum. Fyrir utan mögulega eldri bæjarleifar í bæjarhólnum fundust engar leifar sem virtust fornar.

Bæjarhóll er frammi á sjávarbakka vestarlega í gamla túninu og á honum stóð gamli torfbærinn [3280-001] sem hefur líklegast verið á sama stað um aldir. Austan bæjar var brú [3280-002] yfir bæjarlækinn og á austurbakka hans stóð skemma [3280-003], á sjávarbakkanum. Vestast í túni voru Lambhús [3280-011] og seinna var gerður rófugarður sunnan tóftarinnar og skjólgarður hlaðinn [3280-012] til að verja hann fyrir austanáttinni. Ofan við vesturenda túnsins er svo heytóft [3280-013]. Túngarður [3280-4] umlykur norðanvert túnið á kafla og nær rétt vestur fyrir bæjarlækinn þar sem hann hverfur. Í norðausturhorni túnsins, bæði innangarðs og utan eru fjárhústóftir og aðrar úthústóftir. Þar eru vel varðveittar leifar þriggja fjárhúsa [3280-007, 009, 010] og útihúsa [3280-008] með óþekktu hlutverki, íshúss [3280-005] sem síðar var notað sem reykkofti og tvær litlar tóftir [3280-006] sem líklega eru heytóftir.

Það er áhugavert að þrátt fyrir að gert hafi verið út frá Hrollaugsstöðum um aldir er lítið sem vitnar um það í landi jarðarinnar, annað en íshústóftin. Lendingin [3280-027] var í fjörunni, rétt innan við bæinn en hvorki er að finna naust eða uppsátur. Á sjávarbakkanum 160m austur af túninu er lítil tóft [3280-032], hola [3280-033] og þúst [3280-034] sem hugsanlega gætu verið sjóminjar.

Á árum síðari heimsstyrjaldar sprungu tundurdufl í fjörunni neðan við bæinn sem stórskemmdi hann. Var bæjarstæðið þá flutt ofar í landið og þar stóð bærinn þar til jörðin fór í eyði árið 1964. Yngra bæjarstæðið er 440m vestnorðvestur frá gamla bæjarhólnum. Þar var upphaflega byggður lítill torfbær með áföstu fjósi [3280-016] en árið 1949 var flutt í nýtt íbúðarhús úr

timbri [3280-014]. Fjósið við torfbæinn var þó áfram notað og var rennandi vatn bæði í fjósi og íbúðarhúsi en í því voru bæði vatnssalerni og sturta. Sími kom um 1953 en rafmagn komst aldrei á. Bærinn komst ekki í vegasamband] fyrr en á 5. áratugnum og uppbyggður vegur [3280-131 um 1960, örfáum árum áður en jörðin fór í eyði. Við bæinn var torfhlaðið fjárhús og hesthús [3280-015] en ofan bæjar hlaða [3280-017] á norðurbakka bæjarlækjar og norðan hennar torfbærinn og fjósið. Um 50m norður af torfbænum voru matjurtagarðar [3280-018] en vaxtarskilyrði þar ekki góð og uppskeran eftir því.

Á 5. áratug 20. aldar fengust styrkir til jarðabóta og voru vélgrafnir skurðir [3280-028] í mýrinni á milli yngra bæjarstæðisins og túnsins. Við vesturenda túnsins er svo minni skurður [3280-029] sem hugsanlega er handgrafinn. Í brekku, tæplega 200m vestnorðvestur af túninu er hesthústóft [3280-019], og þar höfðust íbúar á Hrollaugsstöðum við þegar bærinn skemmdist við tundurduflasprengingu.

Meðfram sjónum, vestur af túninu, eru gamlar mógrafir [3280-020-021] og við þær og í brekkunum ofan við eru mótóftir [3280-022, 023, 024, 026]. Þar er líka garðlag undan girðingu [3280-030]. Yngri mógrafir [3280-042, 043] eru 340m norðvestur af yngra bæjarstæðinu, undir Kleifarhnaus, en þær voru notaðar af síðustu ábúendum á Hrollaugsstöðum. Um 70m suðaustan við þær er mótóft [3280-044] og suðaustan hennar leifar af litlu grjóthlöðnu byrgi [3280-045], líklega smalakofa. Í norðvesturátt frá Kleifarhnaus eru Bæjartjarnir og upp af þeim varða [3280-046] og var það eina varðan sem skráð var.

Austan við bæinn og mýrina er stór melhóll sem heitir Skjöldur og á honum er annað lítið grjótbyrgi [3280-036] og grjóthrúga [3280-037]. Austan við þennan melhól er gróinn dalur, Stekkjardalur. Dalurinn liggur norður-suður og endar niðri við sjó. Í Stekkjardal var heyjað og þar er ein heytóft [3280-041] austanvert í dalnum. Þar eru líka tvennar stekkjartóftir, önnur á sjávarbakkanum [3280-038], en hin skammt ofar [3280-040]. Ofan við neðri tóftina er lítil smalakofatóft [3280-039].

Engin náðu frá Stekkjardal til norðurs upp í Efri-Buga. Á því svæði voru skráðar 11 heytóftir [3280-047-057]. Þar að auki voru skráðar tvær heytóftir [3280-060 og 061], 230m norðvestur af Selvík. Á sjávarbakkanum, rúma 400m suðvestur frá Selvík er stök steinalögn [3280-138].

Selvík var upphaflega hjáleiga frá Hrollaugsstöðum og var í byggð í um tvo áratugi. Býlið byggðist mögulega upp á selstæði, austast í landi Hrollaugsstæða, og þar er tóft sem gæti verið af seli [3280-059] frammi við sjóinn á vesturbakka Selvíkurár. Nú tilheyrir minjar býlisins, sem eru á austurbakka Selvíkurár, Kumblavík. Ekki er ljóst hvenær breytingar á landamerkjum urðu. Í landamerkjaskrá frá 1890 segir að merkin séu um Djúpaskurðsvík austan

Selvíkurbæjarins en nú eru þau um Selvíkurá, frá ströndinni og upp í Buga. Á melhól, 370m vestur af Selvík er þúst og við hana steinalögn [3280-058].

Frá Hrollaugsstöðum lágu götur til Eiðis [3280-134], Heiðar [3280-135] og meðfram ströndinni til Selvíkur, Kumblavíkur og Skála [3280-133]. Núverandi vegur [3280-131] frá Hrollaugsstöðum og upp á Heiðarfjall var gerður 1960. Sá hluti hans, sem er næstur bæ og upp að Bæjartjörnum liggur að líkindum á gömlu götunum sem lágu til Heiðar. Sú leið var einnig notuð á vetrum þegar farið var til Eiðis og stallarnir ofan bæjar voru ófærir.

Syðst og vestast í landi Hrollaugsstæða, er Merkilind [3280-031] á merkjum við jörðina Eiði.

Hættumat

Eina hættan sem talin er steðja að minjum á Hrollaugsstöðum er landbrot af völdum sjávar. Þegar hefur brotið af bæjarhólnum og telst hann í *mikilli hættu* [3280-001] en auk hans eru sex aðrar minjar sem teljast í *hættu* vegna landbrots [3280-003, 012, 020, 032, 034 og 059]. Hættumat er gefið upp í töflu í viðauka.

Kumblavík og Selvík

Bæjarstæði Kumblavíkur er upp af samnefndri vík sem afmörkuð er af Kumbli að austan og Berginu að vestan. Alls voru skráðar 77 minjar í landi Kumblavíkur og Selvíkur sem var hjáleiga frá Hrollaugsstöðum. Af 77 minjum voru fjórar sem ekki var hægt að staðsetja eða voru ekki skráðar á vettvangi. Ekki var hægt að staðsetja lendinguna [3280-124] í Kumblavík með viðunandi nákvæmni, þó líklega hafi hún verið framan við bæinn og túnið. Stekkjartóft sem passar við staðsetninguna á Stekk [3280-132] í Stekkjardal fannst ekki. Mögulegar vörður á Þrívörðuhól auk Sandhaugs [3280-125] voru ekki skráð þar sem lýsing á staðsetningu var óljós.

Minjarnar í Kumblavík eru dæmigerðar búsetuminjar sem vitna um landbúnað, sjónytjar og landnýtingu á 19. og fram um miðja 20. öld eða þar til jörðin fór í eyði. Ekki fundust neinar augsýnilega fornar minjar, nema þær sem hugsanlega leynast í bæjarhólnum. Stekkirnir [3280-117 og 118] eru þó greinilega byggðir á eldri minjum og einhverjar heytóftanna gætu líka verið gamlar.

Túnið skiptist í tvennt um bæjarlækinn og stóð bærinn á bæjarhólnum [3280-092], vestan lækjar en flest útihúsanna voru austan lækjar. Vestan bæjarlækjar eru auk bæjartóftar, gryfja [3280-095] á sjávarbakkanum, 50m vestur af bæ og tvær heytóftir [3280-087 og 088] norðvestur af túni. Tóft [3280-096], með óþekktu hlutverki, er norðaustan við bæinn, á bæjarlækjarbakkanum. Norðan við tóftina var brú yfir bæjarlækinn [3280-097]. Austan lækjar

eru tóftir Lækjarhúsanna [3280-099] en það voru fjárhús. Norðan þeirra er útihúsatóft [3280-100], mögulega hesthús, og fjárhúsatóft [3280-101] austar í túninu, hugsanlega Lambhúsin sem getið er í örnefnaskrá. Þessi þrjú útihús, austan lækjar, eru merkt á túnakorti Kumblavíkur (mynd 72). Nyrst og austast í túni, utan marka gamla túnsins er fjárhúsatóft [3280-104] og austan hennar hugsanlega heytóft [3280-105] og grjóthrúga sem líklega eru ummerki túnahreinsunar [3280-106]. Önnur grjóthrúga [3280-103] er vestan hinnar og þar er einnig stakur veggur [3280-102] en hlutverk hans er óvíst. Norðan og austan við túnið eru tvenn garðlög, hleðslur undan girðingum [3280-121 og 111]. Um 50m norður af túninu er heytóft [3280-091], vestan bæjarlækjar og 240m norðar er þrískipt úthúsatóft [3280-090],. Austast í túni, utan gamla túnsins er aflöng, hálf niðurgrafin tóft [3280-107] sem líklega er íshústóft. Suðaustan við hana er steinalögn [3280-108], mögulega grunnur eða undirstaða undan litlu mannvirki.

Lækur rennur austan túnsins og austan hans er stök tóft [3280-109] með óljósu hlutverki. Syðsti hluti túnsins, sem nær niður að sjó, var áður mýri, sem hefur að hluta verið ræst fram, með fjölda lítilla handgrafinna skurða [3280-113]. Þar voru áður mógrafir en nú sést aðeins ein gróf [3280-110] glögglega en hinar eru að mestu komnar í tún. Á sjávarbakkanum er garðlag [3280-114] sem gæti hafa verið matjurtagarður. Vestan hans, á sjávarbakkanum eru leifar af þurrkhjalli eða hugsanlega bátaspili [3280-115] og steipt gryfja [3280-116] með óþekktu hlutverki. Ekki er ólíklegt að gryfjan sé tengd útræði. Upp með bæjarlæknum að austan er tóft [3280-112] sem gæti verið fiskiskemma sem getið er í örnefnaskrá. Norðar, á móts við bæinn, er grjóthleðsla eða hrúga [3280-098], sem virðist frekar vera mannvirki en túnahreinsun eins og hrúgurnar norðar í túni. Austur undir Kumblinu, austan túna eru tvær stekkjartóftir. Yngri tóftin [3280-118] liggur að hluta til ofan á eldri tóftinni [3280-117].

Tóft, stekkjur eða beitarhúsa [3280-121] er austast í landi Kumblavíkur og liggur hún á bjargbrún, líklega neðst í þeim dal sem nefndur er Húsdalur. Merkin við Skála liggja nokkru austar en hvergi er girt á merkjum og því óvíst hvar þau eru nákvæmlega. Um 350m norðvestar eru þrjár heytóftir [3280-119-121], hugsanlega í Stekkjardal. Þar norðaustar og austar er fjöldi heytófta [3280-139-145] á víð og dreif efst í Kumblavíkurdölum. Upphlaðin brú [3280-147] er yfir keldu, líklega þá sem nefnd er Húsdalskelda í heimild og á melhól, norðaustur af henni er stæðileg varða [3280-146].

Engjar voru vestast í landi Kumblavíkur og eru heytóftir frá svæðinu norðan við Djúpaskurðsvík [3280-075] og norður [3280-071-074] í átt að Bugum sem eru í landi Hrollaugsstaða. Austan við Selvíkurána er heytóft [3280-127] og önnur [3280-128] nær Bergstjörn, sem er upp af Berginu. Norður af tjörninni er tóft Beitarhúsa [3280-089]. Ofarlega á Engjadal, 600m austur af Bergstjörn er heytóft [3280-129]. Austan við neðri hluta Engjadals er Bergið og á því er heimild um vörðu sem kallast Hermannsmerki, en óvíst hvort það er hleðsla [3280-077] eða varða [3280-076] sem báðar eru á Berginu. Neðst á Engjadal, fram á

háum sjávarbakka eru mógrafir [3280-078] og við þær fimm mótóftir [3280-079-083]. Austar og nær bæjarstæðinu eru tvær hleðslur [3280-085 og 086] á bjargbrún, hlaðnar upp við og upp á náttúrugrjóti. Heilleg varða er á hæð, 330m norður af hleðslunum.

Eins og fjallað var um í samantekt Hrollaugsstaða tilheyra minjar og land Selvíkur nú Kumblavík. Minjar býlisins eru á gróinni spildu, afmarkaðri af Selvíkurá að vestan og norðan en sjávarbakka að sunnan. Túnið er smáþýft en flatt, nema syðst þar sem er hóll, breiðari en túnið, sem nær fram á sjávarbakka. Á hólnum er bæjartóftin [3280-064] og flestar minjanna sem eru í túninu að einni lítilli tóft [3280-068] undanskilinni, sem er norður undir hólnum. Fast norðaustan við bæjartóftina er lítil tóft [3280-065], mögulega skemma. Túngarður [3280-066] afmarkar túnið að vestan, norðan og austan en sjávarbakkinn að sunnan. Utan við suðvestur enda túngarðsins er tóft [3280-067] og nær hún næstum fram á sjávarbakkann. Innan við túngarðinn að austan eru rétt [3280-069] og sunnan hennar lítil tóft [3280-070], kannski heytóft.

Frá Kumblavík lágu göturnar [3280-133, skráðar með Hrollaugsstöðum] meðfram ströndinni, annarsvegar til norðausturs að Skálum og hinsvegar til suðvesturs að Hrollaugsstöðum og þaðan áfram yfir að Eiði eða Heiði.

Hættumat

Eina hættan sem talin er steðja að minjum í Kumblavík er landbrot af völdum sjávar. Alls voru fjórar minjar metnar í *hættu* [3280-070, 083, 096, 130] og fjórar minjar í *mikilli hættu* [3280-110, 113, 114, 115]. Hættumat er gefið upp í töflu í viðauka.

Niðurlag

Jarðirnar sem skráðar voru fóru í eyði um og upp úr miðri 20. öld og er svæðið nánast óraskað af seinni tíma framkvæmdum. Minjarnar endurspeгла því búsetulandslagið eins og það var þegar byggðin lagðist af og eru góður minnisvarði um búsetu, sjávar- og landnýtingu í afskekktum sjávarbyggðum fram um miðja 20. öld. Töluverður fjöldi ferðafólks gengur leiðina milli Hrollaugsstaða og Skála og væri tilvalið að gera búsetulandslaginu hærra undir höfði t.d. með upplýsingaskiltum og/eða rafrænum hætti.

Eitt af sérkennum byggðarinnar er hversu framarlega bæjarstæðin liggja á bjargbrúnum ofan fjöru. Fáar augljósar sjóminjar, svo sem naust og sjóhús, fundust á svæðinu en vera kann að einhverjar minjar séu horfnar í sjó enda augljóst landbrot við ströndina. Vegna þess hve afskekkt svæðið er og land torfarið, stafar minjum takmörkuð hættu af framkvæmdum. Þeim er helst hætt vegna landbrots af völdum sjávar og teljast bæjarhóll Hrollaugsstaða og bæjartóft Selvíkur í mikilli hættu enda þegar byrjað að brotna af þeim. Bæjarhóll Kumblavíkur er einnig í hættu en þó fjær bjargbrún en hinir bæirnir.

Nokkur hluti minjanna sem finna má í skýrslunni fellur ekki enn undir 100 ára skilgreiningu laga um menningarminjar (nr. 80 frá 2012). Þær eru þó mikilvægur hluti af þeirri sérstæðu og vel varðveittu minjaheild sem eyðibýggðin á utanverðu Langanesi er.

Sé sýnt að minjar kunni að verða fyrir skemmdum vegna framkvæmda eða af öðrum orsökum ber að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands sem fer með stjórnsýslu minjaverndar á Íslandi.

Heimildaskrá

- Björn Lárusson (1967). *The old Icelandic Land Registers*. Lund: Gleerup.
- Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson (2000). *Múlasýslur, Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1847*. Sögufélag og Örnefnastofnun. Reykjavík.
- Friðrik G. Olgeirsson (1998). *Langnesingasaga I. Saga byggðar á Langanesi frá landnámi til 1918*. Þórshafnarhreppur. Reykjavík.
- Friðrik G. Olgeirsson (2000). *Langnesingasaga II. Saga byggðar á Langanesi frá 1918 til 2000*. Þórshafnarhreppur. Reykjavík.
- Íslenskt fornbréfasafn. Annað bindi. 1258-1350. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1893.
- Íslenskt fornbréfasafn. Ellefta bindi. 1310-1550. Hið íslenska bókmentafélag. Kaupmannahöfn og Reykjavík.
- J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.
- Oddný Guðmundsdóttir. 1954. Fjallið mitt. Í *Þjóðviljinn* 294. 24.12.1954. Sótt af <https://timarit.is/page/2769405?iabr=on#page/n5/mode/2up/search/Kumblav%C3%A4Dk>. Skoðað þann 03.12.2024.
- Ný jarðabók fyrir Ísland (1861). Jarðabókaútgáfan.
- Ólafur Ólafsson Olavius, Henckel, O., Ziener, C., Steindór Steindórsson, og Jón Gíslason. (1964). *Ferðabók: landshagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777: ásamt ritgerðum Ole Henckels um brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand*. Bókfellsútgáfan.
- Sr. Sigmar I. Torfason (1994). Samtíningur um landnám Gunnólfs og fleira á Langanesi. Í *Múlaþing: byggðasögurit Austurlands*. 21, bls. 141-148.
- Tíminn, auglýsing bls. 7. 09.10.1945, 76. tbl. Sótt af: <https://timarit.is/page/1002597#page/n5/mode/2up>. Skoðað þann 01.12.2024.
- Þórarinn Þórarinnsson, Kristín Kristjánsdóttir, Brynjar Halldórsson og Runólfur Elentínusson. 2003. *Land og fólk: byggðasaga Norður-Þingeyinga (2. útgáfa)*. Búnaðarsamband Norður Þingeyinga. Útgáfustaðar ekki getið.

Óprentaðar heimildir

Hérþing. PE1-2-5.

Sýslunefndargöng Þingeyjarsýsla – Fasteignamat N-Þing, Sauðaneshreppur.

Hrollaugsstaðir, nr. 29.

Hrollaugsstaðir, spurningar, 15. sept. 1929.

Kumblavík nr. 28.

Kumblavík, spurningar, 15. sept. 1929.

Örnefnaskrár sóttar á Nafnið.is

Hrollaugsstaðir. Þór Magnússon, 1966. Örnefnastofnun Íslands.

Hrollaugsstaðir. Viðbætur. Ásmundur Aðalsteinsson, 2009. Örnefnastofnun Íslands.

Kumblavík. Þór Magnússon, 1966. Örnefnastofnun Íslands.

Túnakort sótt á heimasíðu Þjóðskjalasafns. Sóttar á <https://testbirting.manntal.is/>

Hrollaugsstaðir, Sauðaneshreppur, N. Þing. Höfundur og ártal ekki merkt.

Kumblavík, Sauðaneshreppur, N. Þing. Höfundur og ártal ekki merkt.

Netsíður

Heimasíða Langesbyggðar. Sótt af: <https://www.langesbyggd.is/upplysingar/fontur>.

Skoðað 25.11.2024.

Lofthmyndasjá Náttúrufræðistofnunar (áður Landmælinga Íslands). Loftmynd, 1945: AMS17-2-1-027. Sótt af <https://loftmyndasja.gis.is/mapview/?application=loftmyndasja>.

Skoðað 12.12.2024.

Lög um menningarminjar sótt á heimasíðu Alþingis. Sótt af:

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html> Skoðað 26.05.2024.

Þjóðskjalasafn Íslands. Jarðavefur. Landamerkjabók Þingeyarsýslu D. 1901-1936.

Hrollaugsstaðir í Sauðaneshrepp, nr. 188. Sótt af:

<https://gamalt.skjalasafn.is/jardavefur>. Skoðað 12.12.2024.

Þjóðskjalasafn Íslands. Manntal. Sótt af: www.manntal.is Skoðað 26.05.2024.

Þjóðskjalasafn Íslands. Sóknarmanntöl. Sauðanessókn.

Sóknarmanntal 1829-1831.

Sóknarmanntal 1837-1849.

Sótt af: <https://salnaregistur.manntal.is/>. Skoðað 12.12.2024.

Wikipedia. Sótt af <https://is.wikipedia.org/wiki/Langesbygg%C3%B0>. Skoðað 23.12.2024.

Fylgiskjöl



Minjar í landi Hrollaugsstaða og Kumblavíkur

Heiði


Eiði

Skálar

Hrollaugsstaðir

Selvík

Kumblavík



Hnitaskrá 3280, Hrollaugsstaðir, Kumblavík (hjáleigan Selvík)

Nr.	Jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
3280-001	Hrollaugsstaðir	Hrollaugsstaðir	tóft, hóll	híbýli, bæjarhóll	greinanlegar	mikil hætta	vegna landbrots	681242	648962
3280-002	Hrollaugsstaðir		hleðsla	brú	vel greinanlegar	engin hætta		681265	648986
3280-003	Hrollaugsstaðir		tóft	skemma	vel greinanlegar	hætta	vegna landbrots	681278	648986
3280-004	Hrollaugsstaðir		garðlag	túngarður	vel greinanlegar	engin hætta		681245	649031
3280-005	Hrollaugsstaðir		tóft	íshús, reykhus	vel greinanlegar	engin hætta		681300	649119
3280-006	Hrollaugsstaðir		tóftir	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		681315	649119
3280-007	Hrollaugsstaðir		tóft	fjárhús	vel greinanlegar	engin hætta		681351	649133
3280-008	Hrollaugsstaðir		tóft	útihús	vel greinanlegar	engin hætta		681328	649102
3280-009	Hrollaugsstaðir		tóft	fjárhús	vel greinanlegar	engin hætta		681377	649114
3280-010	Hrollaugsstaðir		tóft	fjárhús	vel greinanlegar	engin hætta		681404	649127
3280-011	Hrollaugsstaðir		tóft	fjárhús	vel greinanlegar	engin hætta		681170	648936
3280-012	Hrollaugsstaðir		garðlag	matjurtagarður, skjólgarður	vel greinanlegar	hætta	vegna landbrots	681181	648916
3280-013	Hrollaugsstaðir		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		681136	648982
3280-014	Hrollaugsstaðir		húsgrunnur	híbýli	vel greinanlegar	engin hætta		681109	649399
3280-015	Hrollaugsstaðir		tóft	fjárhús, hesthús	vel greinanlegar	engin hætta		681119	649413
3280-016	Hrollaugsstaðir		tóft	híbýli, fjós	vel greinanlegar	engin hætta		681081	649454
3280-017	Hrollaugsstaðir		tóft	hlaða	vel greinanlegar	engin hætta		681076	649431
3280-018	Hrollaugsstaðir		hleðsla	matjurtagarður	vel greinanlegar	engin hætta		681103	649509
3280-019	Hrollaugsstaðir		tóft	hesthús	vel greinanlegar	engin hætta		680959	649008
3280-020	Hrollaugsstaðir		niðurgröftur	mógrafir	vel greinanlegar	hætta	vegna landbrots	680992	648868
3280-021	Hrollaugsstaðir		niðurgröftur	mógrafir	vel greinanlegar	engin hætta		680953	648836
3280-022	Hrollaugsstaðir		tóft	mókofi	vel greinanlegar	engin hætta		680921	648798
3280-023	Hrollaugsstaðir		tóft	mókofi	vel greinanlegar	engin hætta		680941	648787
3280-024	Hrollaugsstaðir		tóft	mókofi	vel greinanlegar	engin hætta		680812	648801
3280-025	Hrollaugsstaðir		tóft	mókofi	greinanlegar	engin hætta		680818	648800
3280-026	Hrollaugsstaðir		tóft	mókofi	vel greinanlegar	engin hætta		680830	648787
3280-027	Hrollaugsstaðir	Lending	heimild	lending	ómetið	engin hætta		681247	648943
3280-028	Hrollaugsstaðir		niðurgröftur	framræsla	vel greinanlegar	engin hætta		681109	649104
3280-029	Hrollaugsstaðir		niðurgröftur	framræsla	vel greinanlegar	engin hætta		681160	648978
3280-030	Hrollaugsstaðir		hleðsla	vörslugarður	vel greinanlegar	engin hætta		680879	648953

Hnitaskrá 3280, Hrollaugsstaðir, Kumblavík (hjáleigan Selvík)

Nr.	Jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
3280-031	Hrollaugsstaðir	Merkilind	lind	landamerki	heillegar	engin hætta		680479	647947
3280-032	Hrollaugsstaðir		tóft	óþekkt	vel greinanlegar	hætta	vegna landbrots	681608	649125
3280-033	Hrollaugsstaðir		niðurgroftur	óþekkt	greinanlegar	engin hætta		681609	649128
3280-034	Hrollaugsstaðir		púst	óþekkt	greinanlegar	hætta	vegna landbrots	681613	649128
3280-035	Hrollaugsstaðir		tóft	skotbyrgi	vel greinanlegar	engin hætta		681786	649328
3280-036	Hrollaugsstaðir		hleðsla	byrgi	greinanlegar	engin hætta		681721	649492
3280-037	Hrollaugsstaðir		grjóthrúga	kennimark	greinanlegar	engin hætta		681692	649561
3280-038	Hrollaugsstaðir		tóft	stekkur	vel greinanlegar	engin hætta		681927	649347
3280-039	Hrollaugsstaðir		tóft	smalakofi	vel greinanlegar	engin hætta		681924	649364
3280-040	Hrollaugsstaðir		tóft	stekkur	vel greinanlegar	engin hætta		681948	649400
3280-041	Hrollaugsstaðir		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		681946	649580
3280-042	Hrollaugsstaðir		niðurgroftur	mógrafir	vel greinanlegar	engin hætta		681390	649664
3280-043	Hrollaugsstaðir		niðurgroftur	mógrafir	vel greinanlegar	engin hætta		681367	649673
3280-044	Hrollaugsstaðir		tóft	mókofi	vel greinanlegar	engin hætta		681443	649595
3280-045	Hrollaugsstaðir		tóft	smalakofi	vel greinanlegar	engin hætta		681466	649579
3280-046	Hrollaugsstaðir		varða	kennimark	heillegar	engin hætta		680997	650430
3280-047	Hrollaugsstaðir		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		681786	650266
3280-048	Hrollaugsstaðir		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		681832	650241
3280-049	Hrollaugsstaðir		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		681831	650230
3280-050	Hrollaugsstaðir		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		682004	651174
3280-051	Hrollaugsstaðir		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		682012	651314
3280-052	Hrollaugsstaðir		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		682073	651455
3280-053	Hrollaugsstaðir		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		682070	651605
3280-054	Hrollaugsstaðir		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		682135	651772
3280-055	Hrollaugsstaðir		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		682152	651762
3280-056	Hrollaugsstaðir		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		682252	651912
3280-057	Hrollaugsstaðir		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		682401	651987
3280-058	Hrollaugsstaðir		púst, steinalögn	óþekkt	greinanlegar	engin hætta		682247	649786
3280-059	Hrollaugsstaðir		tóft	sel	vel greinanlegar	hætta	vegna landbrots	682584	649701
3280-060	Hrollaugsstaðir		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		682481	649902

Hnitaskrá 3280, Hrollaugsstaðir, Kumblavík (hjáleigan Selvík)

Nr.	Jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
3280-061	Hrollaugsstaðir		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		682453	649905
3280-062	Hrollaugsstaðir	Kvíalaut	heimild	kvíar	ómetið	engin hætta			
3280-063	Hrollaugsstaðir		heimild	torftökustaður	ómetið	engin hætta			
3280-064	Kumblavík	Selvík	tóft	híbýli	vel greinanlegar	hætta	vegna landbrots	682643	649724
3280-065	Kumblavík		tóft	óþekkt	vel greinanlegar	engin hætta		682652	649730
3280-066	Kumblavík		garðlag	túngarður	vel greinanlegar	mikil hætta	vegna landbrots	682621	649736
3280-067	Kumblavík		tóft	óþekkt	vel greinanlegar	hætta	vegna landbrots	682618	649719
3280-068	Kumblavík		tóft, niðurgroftur	óþekkt	greinanlegar	engin hætta		682666	649736
3280-069	Kumblavík		tóft	rétt	vel greinanlegar	engin hætta		682682	649746
3280-070	Kumblavík		tóft	óþekkt	vel greinanlegar	hætta	vegna landbrots	682684	649733
3280-071	Kumblavík		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		683066	650641
3280-072	Kumblavík		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		683167	650685
3280-073	Kumblavík		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		683141	650619
3280-074	Kumblavík		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		683136	650619
3280-075	Kumblavík		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		683209	650145
3280-076	Kumblavík	Hermannsmerki?	varða	kennimark	vel greinanlegar	engin hætta		684049	650699
3280-077	Kumblavík		hleðsla	kennimark	vel greinanlegar	engin hætta		684027	650476
3280-078	Kumblavík		niðurgroftur	mógrafir	vel greinanlegar	engin hætta		684305	650585
3280-079	Kumblavík		tóft	mótóft	greinanlegar	engin hætta		684340	650646
3280-080	Kumblavík		tóft	mótóft	greinanlegar	engin hætta		684357	650629
3280-081	Kumblavík		tóft	mótóft	vel greinanlegar	engin hætta		684351	650623
3280-082	Kumblavík		tóft	mótóft	greinanlegar	engin hætta		684331	650613
3280-083	Kumblavík		tóft	mótóft	vel greinanlegar	hætta	vegna landbrots	684330	650598
3280-084	Kumblavík		varða	kennimark	heillegar	engin hætta		684728	651139
3280-085	Kumblavík		hleðsla	óþekkt	greinanlegar	engin hætta		684696	650745
3280-086	Kumblavík		hleðsla	óþekkt	greinanlegar	engin hætta		684784	650804
3280-087	Kumblavík		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		685179	651000
3280-088	Kumblavík		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		685164	650991
3280-089	Kumblavík		tóft	beitarhús	vel greinanlegar	engin hætta		683386	651656
3280-090	Kumblavík		tóft	útihús	vel greinanlegar	engin hætta		685276	651364

Hnitaskrá 3280, Hrollaugsstadir, Kumblavík (hjáleigan Selvík)

Nr.	Jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
3280-091	Kumblavík		tóft	heyttóft	greinanlegar	engin hætta		685374	651140
3280-092	Kumblavík	Kumblavík	tóft, hóll	híbýli, bæjarhóll	vel greinanlegar	hætta	vegna landbrots	685293	650921
3280-093	Kumblavík		heimild	hjallur	vel greinanlegar				
3280-094	Kumblavík		heimild	fjárhús	vel greinanlegar				
3280-095	Kumblavík		niðurgroftur	óþekkt	vel greinanlegar	engin hætta		685231	650922
3280-096	Kumblavík		tóft	óþekkt	vel greinanlegar	hætta	vegna landbrots	685316	650953
3280-097	Kumblavík		tréverk, hleðsla	brú	greinanlegar	engin hætta		685316	650957
3280-098	Kumblavík		grjóthrúga	óþekkt	greinanlegar	engin hætta		685327	650946
3280-099	Kumblavík	Lækjarhús	tóft	fjárhús	vel greinanlegar	engin hætta		685333	650967
3280-100	Kumblavík		tóft	útihús	vel greinanlegar	engin hætta		685330	651021
3280-101	Kumblavík	Lambhús?	tóft	fjárhús	vel greinanlegar	engin hætta		685384	651030
3280-102	Kumblavík		hleðsla	óþekkt	vel greinanlegar	engin hætta		685353	651052
3280-103	Kumblavík		grjóthrúga	túnahreinsun	vel greinanlegar	engin hætta		685340	651056
3280-104	Kumblavík		tóft	fjárhús	vel greinanlegar	engin hætta		685392	651072
3280-105	Kumblavík		tóft	heyttóft	greinanlegar	engin hætta		685380	651076
3280-106	Kumblavík		grjóthrúga	túnahreinsun	vel greinanlegar	engin hætta		685375	651075
3280-107	Kumblavík		tóft	íshús	vel greinanlegar	engin hætta		685423	651014
3280-108	Kumblavík		steinalögn	óþekkt	greinanlegar	engin hætta		685433	651007
3280-109	Kumblavík		tóft	óþekkt	greinanlegar	engin hætta		685470	650955
3280-110	Kumblavík		niðurgroftur	mógrafir	vel greinanlegar	mikil hætta	vegna landbrots	685413	650931
3280-111	Kumblavík		hleðsla	girðing	vel greinanlegar	engin hætta		685460	650975
3280-112	Kumblavík		tóft	óþekkt	greinanlegar	engin hætta		685339	650925
3280-113	Kumblavík		niðurgroftur	framræsla	vel greinanlegar	mikil hætta	vegna landbrots	685379	650945
3280-114	Kumblavík		hleðsla	óþekkt, matjurtagarður	vel greinanlegar	mikil hætta	vegna landbrots	685371	650925
3280-115	Kumblavík		tréverk	hjallur	vel greinanlegar	mikil hætta	vegna landbrots	685362	650912
3280-116	Kumblavík		niðurgroftur, steinsteypa	óþekkt	vel greinanlegar	engin hætta		685358	650916
3280-117	Kumblavík		tóft	stekkur	vel greinanlegar	engin hætta		685625	650936
3280-118	Kumblavík		tóft	stekkur	vel greinanlegar	engin hætta		685622	650932
3280-119	Kumblavík		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		686392	651745
3280-120	Kumblavík		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		686454	651819

Hnitaskrá 3280, Hrollaugsstaðir, Kumblavík (hjáleigan Selvík)

Nr.	Jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
3280-121	Kumblavík		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		686471	651792
3280-122	Kumblavík		hleðsla	girðing	vel greinanlegar	engin hætta		685542	651099
3280-123	Kumblavík		hryggur	óþekkt, beðasléttur	greinanlegar	engin hætta		685292	651004
3280-124	Kumblavík		heimild	lending	ómetið	engin hætta			
3280-125	Kumblavík	Prívörður	heimild	kennimark	ómetið	engin hætta			
3280-126	Kumblavík	Sandhaugur	heimild	óþekkt	ómetið	engin hætta			
3280-127	Kumblavík		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		682501	650962
3280-128	Kumblavík		hleðsla, steinalögn	óþekkt	greinanlegar	engin hætta		683022	651438
3280-129	Kumblavík		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		684153	651562
3280-130	Kumblavík		tóft	beitarhús	vel greinanlegar	hætta	vegna landbrots	686796	651663
3280-131	Hrollaugsstaðir		vegur	leið	heillegar	engin hætta		680458	649631
3280-132	Kumblavík	Stekkur	heimild	stekkur	ómetið	engin hætta			
3280-133	Hrollaugsstaðir, Kumblavík, Skálar		gata	leið	vel greinanlegar	engin hætta		682316	649514
3280-134	Hrollaugsstaðir, Eiði		gata	leið	greinanlegar	engin hætta		680339	649449
3280-135	Hrollaugsstaðir, Heiði		gata	leið	greinanlegar	engin hætta		680620	649987
3280-136	Hrollaugsstaðir		hleðsla	brú	vel greinanlegar	engin hætta		679746	649789
3280-137	Hrollaugsstaðir		hleðsla	brú	vel greinanlegar	engin hætta		680438	650163
3280-138	Hrollaugsstaðir		steinalögn	óþekkt	greinanlegar	engin hætta		682345	649412
3280-139	Kumblavík		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		686547	652005
3280-140	Kumblavík		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		686565	652336
3280-141	Kumblavík		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		686745	652308
3280-142	Kumblavík		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		686734	652307
3280-143	Kumblavík		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		686716	652187
3280-144	Kumblavík		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		686716	652196
3280-145	Kumblavík		tóft	heyttóft	vel greinanlegar	engin hætta		686736	652149
3280-146	Kumblavík		varða	kennimark	vel greinanlegar	engin hætta		686789	652012
3280-147	Kumblavík		hleðsla	brú	vel greinanlegar	engin hætta		686697	651959